

**SKOÐUN** Flöt niðurfærsla lána nýtist bágstöddum heimilum illa, skrifar Pawel Bartoszek. 15



**MENNING** Lára Rúnars varð sjóveik um borð í Húna og fór landleiðina til Borgarfjarðar eystri. 34



**SPORT** Aníta Hinriksdóttir er óslípaður demantur og ein sú allra efnilegasta frá upphafi. 28







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
5. júlí 2013
156. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## LÍFIÐ



### Lærði á lífið í Lúx

Nína Björk Gunnarsdóttir lærði á lífið í Lúxemborg en hún lifir og hrærist í tískuheiminum og byrjaði ung að sitja fyrir sem módel.

## FRÉTTIR

**Brot af ferðamönnum** Aðeins um 0,7 prósent ferðamanna sem heimsækja Evrópulönd með skemmtiferðaskipum heimsækja Ísland. Landið er engu að síður að komast að þolmörkum í komu slíkra skipa. 6

**Nýr forseti** Fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Egyptalands situr nú í stofufangelsi. Herinn hefur steypt Múhamad Morsí og fengið helsta andstæðingi hans forystuhlutverkið í nýrri ríkisstjórn. 12




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | SA | 5 |
| Akureyri | 12° | S | 4 |
| Egilsstaðir | 14° | S | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 5 |
| Reykjavík | 11° | SA | 8 |

**Hvessir** í dag, fyrst SV-til, allhvass vindur og rigning um S- og V-vert landið síðdegis. Þurrt að mestu NA-til fram á kvöld. Hiti 8 - 17 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk






**FJÖLHÆFIR SIRKUSLISTAMENN** Volcano-sirkushátíðin hófst í dag og léku fjöllistamenn listir sínar. Hátíðin fer fram í sirkusþorpi sem reist hefur verið í Vatnsmýrinni og er þetta í fyrsta sinn sem hún er haldin á Íslandi. Töfrandi sirkusheimur hátíðarinnar verður opinn landsmönnum til 14. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fráveitumál í ólestri í Þingvallaþjóðgarði

Aðeins fjögur prósent sumarhúsa við Þingvelli uppfylla skilyrði um fráveitumál. Næsta stórverkefni að koma þessu í lag, segir varaformaður Þingvallanefndar.

**UMHVERFISMÁL** Nær engin sumarhús á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns uppfylla skilyrði sem sett eru á verndarsvæðinu. Aðeins fjögur prósent sumarhúsanna eru með fráveitumál í góðu lagi, samkvæmt niðurstöðu skýrslu sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vann í samstarfi við þjóðgarðinn á Þingvöllum.

„Við höfum vitað að þetta hefur lengi verið í ólagi, jafnvel áratugi. Það er því gott að búið er að gera þessa úttekt sem við kölluðum eftir. Nú verður það næsta stórverkefni í þjóðgarðinum að koma þessum málum í samt lag,“ segir Björgvin G. Sigurðsson varaformaður Þingvallanefndar.

„Nú er sem sagt þessari kortlagningu lokið, búið að greina vandann, svo það er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa.“

Nærri 40 prósent sumarhúsa á svæðinu uppfylla almennar reglur um fráveitu, en ekki þær ströngu reglur sem gilda á vatnsverndarsvæðinu.

Svæðið tekur yfir nær allt Þingvallavatn, en ástandið var aðeins metið á lóðum innan þjóðgarðsins með því að óska eftir svörum frá eigendum húsa þar. Gerðar eru kröfur um ítarlegri hreinsun á fráveituvatni á vatnsverndarsvæðinu en annars staðar á Íslandi.

Í skýrslunni segir að aðeins sé hægt að fullyrða að sjö prósent þeirra fráveita sem könnunin hafi náð til séu í lagi, en fjögur prósent ef eigendur þeirra 34 húsa sem ekki náðist í eru teknir með.

- gar, jse / sjá síðu 4



> **Við höfum vitað að þetta hefur lengi verið í ólagi, jafnvel áratugi.**
>
> *Björgvin G. Sigurðsson*
> *varaformaður Þingvallanefndar*

ÍLS lánaði fasteignafélagi:

## Greiddu sér arð

**EFNAHAGSMÁL** Franz Jezorski og viðskiptafélagar hans í Fasteignafélagi Austurlands greiddu sér mörg hundruð milljónir króna úr fyrirtæki sem byggði leiguíbúðir fyrir lánsfé frá Íbúðalánasjóði. Skömmu síðar var fyrirtækið sameinað leigufyrirtæki sem skuldaði sjóðnum 2,2 milljarða króna og látið fara í þrot.

- le / sjá síðu 8


ÆSANDI ÍSLENSK SKÁLDSAGA EFTIR KARL FRANSSON




www.forlagid.is






## SPURNING DAGSINS



Geir Gunnar, er þetta ekki sætt?

**Nei, þetta er sjúkt.**

Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur gagnrýnir lélegt framboð spítala á hollum mat. Hann vill að settar séu reglur í kringum matarframboð á spítölum.

Rækjuvinnslufólk bíður bjartsýnt ákvörðunar sjávarútvegsráðherra sem vænta má innan tíu daga:

# Yfir 500 störf tengd rækjuvinnslu í húfi

**SJÁVARÚTVEGUR** Ákvörðunar Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um stjórnun á úthafsrækjuveiðum er að vænta innan tíu daga, segir Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður Rækjuvinnslunnar Kampa. Jón sat fund með ráðherranum í gær.

„Ég er mjög bjartsýnn eftir þennan fund,“ segir Jón. „Þeir sögðu mér að ráðuneytið væri að safna gögnum og ákvörðun muni liggja fyrir eftir viku til tíu daga.“

Hann segir mikið í húfi því rúmlega fimmhundruð manns eigi beinna hagsmuna að gæta. Sex rækjuvinnslur eru í landinu og telur Jón það ekki verða heiglum hent að starfrækja þær ef úthafsrækjunni verði úthlutað til þeirra útgerða sem áttu kvótann fyrir breytinguna, þegar veiðarnar voru gefnar frjálsar fyrir þremur árum. Hann segir ekki hægt að gera það með því að leigja kvótann og að um þessar mundir sé óhagstætt að kaupa rækjuna frá Noregi og Kanada.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur einnig ályktað um málið og segist Daníel Jakobsson bæjarstjóri höfða til skynsemi stjórnvalda. „Ég bara neita að trúa því að stjórnvöld fari að taka ákvörðun sem stefni atvinnulífi hér í voða,“ segir hann. Um 120 manns hafa atvinnu af rækjuvinnslu á norðanverðum Vestfjörðum. - jse



**RÆKJAN ÞOKAST NÆR** Stjórnendur rækjuvinnslustöðva óttast að færiböndin stöðvist fyrir fullt og allt. MYND/HÖRÐUR KRISTJÁNSSON



**ÞJÓÐHETJA** Víðs vegar um borgina má sjá virðingavotta við Nelson Mandela. MYND/AFP

Læknar ráðleggja fjölskyldunni að slökkva á öndunarvélinni:

# Nelson Mandela í dauðadái

**SUÐUR-AFRÍKA Læknar Nelsons Mandela, fyrrum forseta Suður-Afríku, hafa ráðlagt fjölskyldu hans að slökkva á öndunarvélinni sem heldur honum á lífi. Segja þeir að hann sé í viðvarandi dauðadái. Kona Mandela, Graca Machel, sagði í gær að hann hefði upplifað óþægindi stöku sinnum en að hann hefði ekki fundið fyrir sársauka. Íbúar Suður-Afríku hafa beðið fyrir Mandela síðastliðinn mánuð.** -nej

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks:

# Almenn óhirða í borgarlandinu

**REYKJAVÍKURBORG** „Þriðja árið í röð er grasssláttur og almenn umhirða á opnum grænum svæðum og við umferðargötur í borginni langt frá því að vera viðunandi,“ segir í tillögu þriggja fulltrúa Sjálfstæðisflokks í umhverfis- og skipulagsráði um átak í umhirðu borgarlandsins.

„Augljóslega er betur að þessu staðið í nærliggjandi sveitarfélögum og nú er svo komið að víða í borginni er arfi, úr sér vaxið gras og almenn óhirða orðin svo áberandi að ásýnd borgarinnar líður verulega fyrir,“ segja sjálfstæðismenn. Afgreiðslu tillögunnar var frestað. - gar

Hafa lagt fram frumvarp:

# Snowden fái ríkisborgararétt

**ALÞINGI** Þingmenn úr öllum stjórnarandstöðuflokkum hafa lagt fram frumvarp þess efnis að bandaríska uppljóstraranum Edward Snowden verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Þingmenn Pírata Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, óttast ekki inngrip Bandaríkjamanna sem hafa sótt hart að þeim löndum sem tekið hafa hælisumsókn Snowdens til skoðunar. „Ég held að Ísland muni halda áfram að hafa orð á sér fyrir að vera litla landið sem þorir,“ segir hún. - khn

# Sendiherrar stórvelda við athöfn í Hvalfirði

Rússar þakka Íslendingum liðveislu í heimsstyrjöldinni síðari og færa Hernámssetrinu í Hvalfirði muni tengda stríðinu. Sendiherrar ríkja bandamanna, eftirlifandi rússneskur hermaður ásamt rússneskri sjónvarpsstjörnu verða við athöfnina.

**SÖFN** „Rússar leggja mikla áherslu á að þakka þann mikla stuðning sem Íslendingar sýndu þeim í seinni heimstyrjöldinni,“ segir Guðjón Sigmundsson, staðarhaldari í Hernámssetrinu í Hvalfirði sem fær að gjöf ýmsa gripi frá Rússum.

Guðjón segir safn í Moskvu senda hernámssetrinu þrjá búninga, af Bandaríkjamanni, Breta og Rússa, ásamt eftirlíkingum af hríðskotabyssum þessara þjóða.

Sendiherra Rússlands á Íslandi mun afhenda gripina við formlega athöfn í dag. Einn eftirlifandi hermaður Rússa verður í sendinefnd þeirra. Guðjón segir að þangað hafi einnig boðað komu sína fulltrúar ýmissa ríkja bandamanna úr heimsstyrjöldinni; sendiherrar Breta, Bandaríkjanna, Frakklands og Noregs.

Föstudagurinn er valinn til minningar um skipalestina PQ 17 sem í júlí 1942 lagði upp frá Hvalfirði á leið í Norður-Íshaf og til Arkangelsk í Rússlandi. Mikill hörmungaratburður varð 5. júlí þegar Þjóðverjar sökktu tólf skipanna. Aðeins ellefu skip af 34 náðu í höfn.

Guðjón kveður Rússa ekki hvað síst vilja þakka Íslendingum að hafa stutt mikilvægar siglingar þeirra úr Hvalfirði og lagt þannig sitt af mörkum til að ráða niðurlögum nasismans.

Meðal þeirra sem verða viðstaddir afhendinguna er Mikhail S. Gusman, varaformaður rússnesku fréttastofunnar ITAR-TASS, ásamt fimm manna tökuliði. „Hann er einn frægasti sjónvarpsmaður Rússa,“ segir Guðjón um Gusman.

gar@frettabbladid.is



**GUÐJÓN SIGMUNDSSON** Hernámssetrið í Hvalfirði er rekið af Guðjóni „Gaua litla“ Sigmundssyni.



**Í HERNÁMSETRINU AÐ HLÖÐUM** Skipalest Rússa úr Hvalfirði varð fyrir miklum skakkaföllum út af Vestfjörðum 5. júlí 1942.

Breytingartillaga um að undanskilja kolmunna frá veiðigjaldi ögraði í lokin:

# Þingið strandaði á kolmunna

**ALÞINGI** Samkomulag um þinglok í gær komst í uppnám þegar Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar, lagði fram breytingartillögu við frumvarp um lög um breytingar á lögum um veiðigjald.

Samkvæmt breytingartillögunni átti að undanskilja kolmunnaveiðar frá veiðigjaldi. Það hefði þýtt að áætlaðar tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum hefðu orðið 459 milljónum lægri en ella. Í töflunni hér til hliðar má sjá að hefði breytingartillagan verið samþykkt hefði það sparað Síldarvinnslunni 116 milljónir, HB Granda rúmar 96 milljónir og Eskju 88 milljónir. Eins má sjá hagnað fyrirtækjanna árið 2011.

Stjórnarandstaðan gerði þá kröfu að breytingartillagan yrði dregin til baka annars yrði þinglokum frestað. Samkomulag náðist um að draga breytingartillögun til baka og halda þannig samkomulaginu um þinglok.

Sjávarútvegsfyrirtækið Eskja sendi atvinnuveganefnd umsögn varðandi málið og þar segir meðal annars: „Við núverandi markaðsaðstæður er ljóst að gjaldið dugar ekki fyrir kostnaði við útgerð á kolmunna og áætlað rekstrartap verður um 0,9 kr. per hvert kíló af kolmunna.“ Þar er stuðst við útreikninga Deloitte FAS. - jse

### Hagnaður mun hærri en veiðigjaldið

| | Áætlað veiðigjald | Hagnaður 2011 í milljónum króna |
|---|---|---|
| HB Grandi | 96 milljónir | 5.984 kr. |
| Eskja | 88 milljónir | 1.724 kr. |
| Vinnslustöðin | 17 milljónir | 1.939 kr. |
| Ísfélag Vestmannaeyja | 24 milljónir | 4.605 kr. |
| Síldarvinnslan | 116 milljónir | 5.224 kr. |
| Skinney-Þinganes | 1 milljón | 2.220 kr. |
| Samherji | 32 milljónir | 8.560 kr. |
| Gjögur | 22 milljónir | 2.033 kr. |
| Huginn | 19 milljónir | 706 kr. |
| Loðnuvinnslan | 22 milljónir | 2.033 kr. |
| Runólfur Hallfreðsson ehf. | 22 milljónir | 253 kr. |
| Rammi | 25 þúsund | 1.199 kr. |
| **Alls** | | **36.481 kr.** |

Heimild: Finnbogi Vikar



Stefán Bogi. Gull og silfursmiður MGH

Metal design

Skólavörustíg 2
s: 552 5445

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# SUMAR ÚTSALA

# 20-60%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!

50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.995
**1.495**
**TASMANIA STÓLL**
Með lituðu netáklæði.
Fæst í 2 litum.

60% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 5.995
**2.395**
**OURENSE STÓLL**
Flottir stólar úr lituðu stáli.
Fást í bláu og hvítu.

FSC
Jutlandia Harðviður
STILLANLEGUR
33% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 11.990
**7.995**
**PORTLAND STILLANLEGUR STÓLL**
Stillanlegur stóll úr harðviði.

ALLAR GARÐSESSUR
30% AFSLÁTTUR

46% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 12.990
**6.990**
**UDINESE ARMSTÓLL**
Staflanlegur armstóll.

GARÐSKRAUT OG BLÓMAPOTTAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

33% AFSLÁTTUR
**CALAMAR BORÐ**
Vandað borð úr áli og með borðplötu úr gegnheilum harðviði.
Stærð á borði: B89 x L150 xH74 sm.
FULLT VERÐ: 29.990
**19.990**
Jutlandia Harðviður
FSC

## SVONA ERUM VIÐ


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**64%** **dýrara var að kaupa hér áfengi og tóbak en að jafnaði í ríkjum Evrópusambandsins í fyrra.**

**Verð á þessum vörum er þó hvergi hærra en í Norgi, 168 prósentum yfir meðalverði í Evrópu.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Tvennum sögum fer af fundi utanríkismálanefndar með aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna:

# Greinir á um hvort Ban talaði um Snowden

**UTANRÍKISMÁL** Fullyrðingar Ban Ki-moons, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um mál uppljóstrarans Snowdens, á fundi sem hann átti utanríkismálanefnd í opinberri heimsókn sinni til landsins.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, nefndarfulltrúi Framsóknarflokks, segir hann hafa talað almennt. „Hann sagði að þetta væri mat hverju sinni, það væri ekkert endilega alltaf betra að deila öllum upplýsingum þó að


**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**


**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

maður hefði þær. Mér fannst þetta ekki hljóma neitt pólitískt, enda snýst þetta ekkert endilega um Snowden það sem hann var að segja."

Árni Þór Sigurðsson, nefndarfulltrúi Vinstri grænna, segir að Birgitta hafi sérstaklega spurt um mál Snowdens, Ban Ki-moon hafi ekki nefnt hann á nafn en augljóslega átt við hann. „Hann sagði það áhyggjuefni ef upplýsingar væru misnotaðar."

Birgitta Jónsdóttir, fulltrúi Pírata, er á öðru máli „Hann nafngreindi Snowden að fyrra bragði. Ég var að spyrja hvort

> **Mér fannst þetta ekki hljóma neitt pólitískt.**
> *Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins*

að Sameinuðu þjóðirnar gætu ekki verndað friðhelgi einkalífs í tengslum við netið." Hún segir Ban Ki-moon ekki hafa gagnrýnt það þegar þau mannréttindi að njóta friðhelgi einkalífs séu brotin heldur sagt að vandamálið væru uppljóstrararnir. **-nej**

Hleypti drukkinn af byssu:

## Ákærður fyrir vopnalagabrot

**DÓMSMÁL** Páll Reynisson, forstöðumaður Veiðisafnsins á Stokkseyri, hefur verið ákærður fyrir vopnalagabrot sem átti sér stað sumarið 2011. RÚV greinir frá þessu. Honum er meðal annars gefið að sök að hafa hleypt þremur skotum af byssu undir áhrifum áfengis inni á heimili sínu. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Suðurlands í gær. **-nej**


**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Flugstjórnarmiðstöð stækkar en áform um fækkun flugbrauta standa.

Stærri flugstjórnarmiðstöð:

## Saka meirihluta um skammsýni

**REYKJAVÍKURBORG** „Það er mikil skammsýni að samþykkja tillögu um stækkun húss, sem stendur beint ofan á einum meginsamgönguásnum í framtíðarskipulagi svæðisins," segir í bókun sem Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði fram þegar meirihluti skipulagsráðs borgarinnar samþykkti stækkun á flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Fulltrúar meirihlutans sögðu frekari uppbyggingu flugstjórnarmiðstöðvar í Vatnsmýri vera óháða framtíðarstaðsetningu innanlandsflugs. Marta Guðjónsdóttir úr Sjálfstæðisflokki gagnrýndi að deiliskipulag flugstjórnarmiðstöðvarinnar og deiliskipulag vegna niðurlagningar þriðju brautarinnar héldust í hendur. **-gar**

# Nær engar fráveitur í lagi við Þingvallavatn

Langfæstar fráveitur sumarbústaða í þjóðgarðinum á Þingvöllum uppfylla kröfur sem til þeirra eru gerðar. „Afkastamikið rotþróakerfi" salerna á Hakinu virkar ekki sem skyldi vegna kulda. Frestur til úrbóta var framlengdur til ársins 2020.

**UMHVERFISMÁL** Aðeins fjögur prósent bygginga á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns uppfylla skilyrði sem sett eru á svæðinu. Ástandið er sagt óviðunandi.

„Er einungis hægt að fullyrða að sjö prósent þeirrar fráveitu sem könnunin náði til, sé í lagi en einungis fjögur prósent ef teknir eru með þessir 34 aðilar sem ekki náðist í. Um 39 prósent fráveitna uppfylla almennar kröfur um fráveitu en ekki kröfur sem gilda á svæðinu. Ríflega helmingur fráveitna uppfyllir engar kröfur," segir í skýrslu sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vann í samstarfi við þjóðgarðinn á Þingvöllum

Vatnsverndarsvæði tekur yfir nær allt Þingvallavatn en aðeins var metið ástand fráveitna á lóðum innan þjóðgarðsins með því að óska svara frá eigendum húsa þar. Ekki náðist að fá svör frá öllum eins og fram kemur.

„Á verndarsvæði Þingvallavatns er krafist ítarlegri hreinsunar á fráveituvatni heldur en annars staðar á Íslandi. Skal viðbótarþrep fráveitu sérstaklega miðað að því að lækka gildi mengunarefna sem Þingvallavatn er talið viðkvæmt fyrir, eins og til dæmis köfnunarefni," er útskýrt í skýrslunni.

Fráveitumálin eru meira að segja í ólestri á Hakinu þar sem vorið 2011 var tekin í notkun ný salernisaðstaða „með afkastamiklu rotþróakerfi" eins og segir í nýútkominni starfsskýrslu Þingvallanefndar.

„Þrátt fyrir viðurkennda fráveitulausn uppfyllir stöðin ekki kröfur er varða hreinsun skólps, sérstaklega



**FRÁVEITUR Í ÞJÓÐGARÐI** Rauðu punktarnir sýna hvar ekki eru tæmdar rotþrær við bústaði í landi þjóðgarðsins við vestanvert Þingvallavatn. Grænu punktarnir merkja rotþrær sem vitað er til að séu tæmdar. MYND/HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

hvað varðar minnkun köfnunarefnis og fosfórs en lágt hitastig yfir vetrartímann dregur verulega úr hreinsivirkni. Líklegt er að sama gildi um aðrar rotþrær á verndarsvæðinu," segir heilbrigðiseftirlitið.

Frestur til að koma upp rotþróm sem uppfylla skilyrði á vatnsverndarsvæðinu var fyrir 4 árum framlengdur til ársins 2020. Á kynningarfundi sem heilbrigðiseftirlitið hélt í júní með sumarhúsaeigendum við Þingvallavatn kom fram að lausnir á rotþróarvandanum séu einfaldlega ekki fundnar.

„Úrbætur og farsæl lausn þessara

> **Á verndarsvæði Þingvallavatns er krafist ítarlegri hreinsunar á fráveituvatni heldur en annars staðar á Íslandi**
> *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.*

mála er forsenda þess að geta tryggt heilnæmara neysluvatn og vernda Þingvallavatn fyrir óþarfa mengun af mannavöldum," ályktaði sveitarstjórn Bláskógabyggðar um málið.

gar@frettabladid.is


**VERSLUNARFERÐ** Heldur dregur úr vöruskiptahalla milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heldur dregur úr hallanum:

## Vöruskiptahalli 1,1 milljarður

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskipti við útlönd í nýliðnum mánuði voru óhagstæð um 1,1 milljarð króna, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Samkvæmt tölunum nam verðmæti útflutnings í júnímánuði 42,6 milljörðum króna og verðmæti innflutnings 43,7 milljörðum.

Hallinn er þó heldur minni en í fyrri mánuði, en endanlegar tölur Hagstofunnar um vöruskipti í maí sýna að þá hafi verið 6,7 milljarða króna halli á vöruskiptum við útlönd. Þá höfðu bráðabirgðatölurnar reyndar áður bent til 6,6 milljarða halla. **-óká**

Ófarir einsamals skipverja:

## Eldur í fiskibáti

**BJÖRGUN** Eldur kom upp í fimm tonna fiskibáti sem staddur var norðvestur af Garðskaga. Einn skipverji var um borð í bátnum og lokaði hann öllum aðkomuleiðum súrefnis að eldinum og hindraði þannig útbreiðslu hans.

Óskað var eftir aðstoð nærstaddra skipa sem komu nær samstundis á staðinn. Ástand um borð var þá stöðugt, maðurinn ómeiddur og var hann fluttur í land. Björgunarbátur Slysavarnafélagsins Landsbjargar var einnig sendur á vettvang. **-nej**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**EIN MESTA FERÐAHELGI ÁRSINS** og það rignir en við drögum bara fram stígvélin. Rigning S- og V-til í dag en dregur úr á morgun og þá bætir í NV- og N-til. Styttir upp S-lands annað kvöld en dálítil væta SV- og V-til á sunnudag. Birtir til A-lands.




**Á morgun**
8-15 m/s, hvassast SA- og A-til.




**Sunnudagur**
5-15 m/s, hvassast við NA-ströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 21° | Gautaborg | 20° | London | 22° | Orlando | 31° | San Francisco | 21° |
| Basel | 31° | Frankfurt | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 31° | Ósló | 23° | Stokkhólmur | 23° |
| Berlín | 25° | Friedrichshafen | 24° | Las Palmas | 25° | New York | 31° | París | 25° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÚTSALA

## GERÐU FRÁBÆR KAUP!

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Af hverju var Bátadögum á Breiðafirði frestað?
**2.** Hvað heitir nýtt safn sem verið er að byggja í Vestmannaeyjum?
**3.** Hvenær hyggur Albert Belgíukonungur á afsögn úr embætti?

**SVÖR:**
**1.** Vegna veðurs. **2.** Eldheimar **3.** 21. júlí 2013

Viðsnúningur hefur orðið í afstöðu fólks til banka og tryggingafélaga samkvæmt nýrri könnun MMR:

# Sífellt fleiri segjast treysta bankanum sínum

**VIÐSKIPTI** Frá árinu 2010 hefur þeim fjölgað um tuttugu prósentustig sem eru jákvæðir í garð aðalviðskiptabanka síns og um fjórtán prósentustig sem eru jákvæðir í garð tryggingafélags síns.

Fram kemur í nýrri könnun sem MMR vann fyrir Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) að um 59 prósent Íslendinga eru jákvæð gagnvart banka sínum og 56 prósent eru jákvæð gagnvart tryggingafélagi sínu. Fyrir þremur árum stóð þetta hlutfall í 39 og 42 prósentum.

Þá kemur fram í könnuninni að tæplega fimmtíu prósent bera traust til síns aðalviðskiptabanka og tæplega 49 prósent til aðaltryggingafélags síns. „Árið 2010 bar hins vegar einungis þriðjungur landsmanna traust til síns aðalviðskiptabanka og aðaltryggingafélags,“ segir í tilkynningu SFF um könnunina.

Haft er eftir Guðjóni Rúnarssyni, framkvæmdastjóra SFF, að niðurstaða könnunarinnar sé fagnaðarefni. Ljóst sé að endurheimtur hafi verið hluti af því trausti sem glatast hafi. Erfiðar aðstæður í efnahagsmálum síðustu ár hafi haft áhrif á afstöðu fólks til fjármálageirans.

Alls svöruðu 912 manns á aldrinum 18 til 67 ára könnun MMR sem fram fór á netinu 13. til 18. júní. - óká






**MEÐ HENDUR Í HÁRI UNGS KÚNNA** Þeir eru orðnir afar margir kollarnir sem Villi Valli hefur snyrt. MYND/HALLDÓR

Hættur að klippa eftir 65 ára þjónustu við Vestfirðinga:

# Villi Valli sestur í helgan stein

**MANNLÍF Vilberg Vilbergsson, rakari á Ísafirði, lagði frá sér skærin síðastliðinn föstudag og þar með lauk 65 ára þjónustu hans við hárprúða Vestfirðinga. Hann segir margt hafa breyst á þessum tíma. „Það var oft fjörugt á stofunni hjá mér þegar kosningar voru í nánd,“ segir hann. „Menn voru ekkert að panta tíma heldur biðu bara og þá var oft tekist á á meðan,“ segir hann. „En svona í seinni tíð heyrir það til undantekninga að menn ræði mikið um pólitíkina.“ Vilberg, sem er jafnan kallaður Villi Valli, er einnig tónlistarmaður svo nú gefst honum frekara næði til að þenja nikkuna eftir að skærin eru komin á hilluna. - jse**






# Í efri mörkum með brot af markaðnum

Ísland nær ekki í nema 0,7 prósent ferðamanna sem heimsækja Evrópulönd með skemmtiferðaskipum. Erum engu að síður nálægt þolmörkum í komu slíkra skipa. Komum skemmtiferðaskipa fjölgaði í Evrópu í fyrra og hvergi meira en í Noregi.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hlutur Íslands á markaði skemmtiferðaskipa í Evrópu nam 0,7 prósentum, samkvæmt tölum sem norski ferðavefurinn Boarding.no hefur tekið saman.

Árið 2012 sóttu landið heim 204 þúsund gestir með skemmtiferðaskipum. Til samanburðar má nefna að ríflega helmingi fleiri notuðu þennan ferðamáta til að heimsækja Danmörk og Svíþjóð. Noregur ber svo höfuð og herðar yfir önnur Norðurlönd þessum efnum með 2,5 milljónir gesta.



**ÓLAFÍA SVEINSDÓTTIR**

Þá kemur fram í umfjöllun Boarding.no að langmestur vöxtur sé í þessari tegund ferðamennsku í Noregi. Á meðan fjöldi gesta skemmtiferðaskipa jókst í fyrra um sextán prósent í Evrópu þá var aukningin 28 prósent í Noregi.

Ólafía Sveinsdóttir, deildarstjóri skipadeildar ferðaskrifstofunnar Atlantik, segir þróunina hér í þá átt að skipin sem hingað komi séu stærri, þótt komum skipa hafi ekki fjölgað mjög. „En þessi þróun hefur haft í för með sér mikla fjölgun ferðamanna í heild,“ segir hún.

Áður voru hér algeng skip sem tóku færri en þúsund farþega. „Núna sjáum við þessar stóru tölur, frá þetta tólf og fjórtán hundruð farþegum og allt upp í þrjú þúsund farþega skip,“ segir Ólafía.

Að auki sé svo vöxtur í minni lúxusskipum sem taki hundrað til tvö hundruð farþega. „Við erum með nokkur þannig lúxusskip sem flokkast allt upp í sex stjörnur.“

Þó að eftir miklu sé að slægjast á risastórum markaði skemmtiferðaskipa í Evrópu þar sem markaðshlutdeild Íslands er lítil, þá segir Ólafía að aðstæður hér setji okkur nokkrar skorður hvað varði auknar komur skipa.

„Hér er skipatímabilið mjög stutt,“ segir Ólafía og bendir á að það nái bara yfir júní, júlí og ágúst og fram í september, þótt unnið sé að því að fjölga ferðum hingað í maí. „Og það eru dagar sem eru þannig að skipin eru of mörg í einu.“

Sums staðar nálgist landið því efri mörk í getu til að taka á móti skemmtiferðaskipum. „Það þýðir ekkert að fá þennan fjölda til landsins nema hægt sé að bjóða gestunum upp á þá þjónustu sem þeir vilja fá.“ Þannig þurfi að vera til staðar rútur og leiðsögumenn, veitingastaðir og önnur afþreying sem annar fjöldanum. „Og á sumum dögum erum við komin algjörlega að þolmörkum.“ olikr@frettabladid.is



**SKIP Í HÖFN** Þótt komum skemmtiferðaskipa hingað hafi ekki fjölgað mikið hefur þróunin verið í þá átt að skipin sem sigla hingað eru stærri og taka fleiri farþega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skemmtiferðaskip í Evrópu 2012

| Land | Fjöldi gesta | Markaðshlutdeild |
|---|---|---|
| Ítalía | 6,2 milljónir | 21,2% |
| Spánn | 5,1 milljón | 17,7% |
| Grikkland | 4,7 milljónir | 16,4% |
| Noregur | 2,5 milljónir | 8,5% |
| ... | | |
| Danmörk | 525 þúsund | 1,8% |
| Svíþjóð | 516 þúsund | 1,8% |
| Ísland | 204 þúsund | 0,7% |

*Heimild: Boarding.no*

Starfshópur ráðherra um eflingu nautakjötsframleiðslu skilar af sér:

# Vill flytja inn erfðaefni nauta

**LANDBÚNAÐUR** Þegar á að hefjast handa um að skapa aðstöðu til að flytja inn nýtt erfðaefni til innblöndunar í íslenska holdanautastofninn. Þetta er meðal þess sem starfshópur um eflingu nautakjötsframleiðslunnar leggur til.

Frá því er greint á vef Landssambands kúabænda að hópurinn, sem var skipaður af atvinnuvegaráðherra í mars, hafi skilað ráðherra skýrslu sinni á þriðjudag.

„Starfshópurinn telur að flytja eigi inn erfðaefni af holdakyninu Aberdeen Angus og á síðari stigum verði kannaðir möguleikar á innflutningi á erfðaefni Limousin-gripa,“ segir í tillögunum. Lagt er til að erfðaefnið verði flutt inn frá Noregi í samvinnu við ræktunarfélög þar í landi. Um leið er lögð til ítarleg áhættugreining varðandi fyrirkomulag innflutnings á erfðaefni. Sérstaklega á því hvort unnt verði að leyfa innflutning sæðis beint til einstakra bænda.



**ANGUS-NAUT Í ARGENTÍNU** Starfshópur vill láta kanna hvort koma megi hér upp sérstöku ræktunarbúi til þess að byggja hér upp hreinræktaðan stofn Aberdeen Angus nautgripa. NORDICPHOTOS/AFP

Landssamband kúabænda telur afar brýnt að unnið verði hratt og skipulega að því að hrinda tillögum hópsins í framkvæmd. - óká




## Fjarstýrð myndavél

Fjarstýrð háskerpumyndavél HD
Framúrskarandi myndgæði
Möguleiki á upptöku beint
á minniskort
Litir: ● ○

**Verð 29.750 kr.**

HD

FOSCAM
*öryggismyndavélar*



## Myndavél Mini

Lítil, nett og góð viðbót við
barnagæsluna
Litir: ● ○

**Verð 16.950 kr.**

# Kíktu heim – til öryggis

Eirberg



# Betra loft – betri líðan



reddot design award

**Æskilegt rakastig innanhús er 40-60%**
**Rakastig í upphituðum húsum er oft of lágt**

**Of lágt rakastig getur valdið:**
- Þurrk í augum og öndunarfærum
- Aukinni tíðni sýkinga
- Þreytu og höfuðverk

## Airfree lofthreinsitæki

- Eyðir svifryki, ofnæmisvöldum og frjókornum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27cm

**Verð frá 22.750 kr.**



## Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr lofti
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt

**Verð 29.850 kr.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## HEIMURINN




### Stjórnin berst fyrir lífi sínu

**1** **PORTÚGAL** Leiðtogar stjórnarflokkanna í Portúgal reyndu í gær að bjarga lífi stjórnarinnar, sem riðaði til falls vegna harðvítugra deilna flokkanna út af efnahagskreppunni. Erfiðar aðhaldsaðgerðir hafa leikið bæði landsmenn og stjórnvöld grátt, en Mario Draghi, seðlabankastjóri Evrópusambandsins, reyndi í gær að hvetja stjórnina áfram og sagði hana hafa náð framúrskarandi árangri.

### Murdoch viðurkennir brot

**2** **BRETLAND** „Við erum að tala um greiðslur til lögreglu fyrir fréttaábendingar. Það hefur tíðkast öldum saman,“ heyrist fjölmiðlajöfurinn Rupert Murdoch segja á hljóðupptöku, sem birt var afrit af á fréttarás bresku sjónvarpsstöðvarinnar Channel 4 News. Á upptökunni gerir hann lítið úr brotum blaðamanna á fjölmiðlum sínum, sem uppvísir hafa orðið að hlerunum og mútugreiðslum.



### Áminning á þjóðhátíð

**3** **FRAKKLAND** Manuel Walls, innanríkisráðherra Frakklands, lét tækifærið ekki ónotað þegar hann flutti ræðu í bandaríska sendiráðinu í París í gær, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, og ítrekaði kröfu Frakka um að fá að vita sannleikann um njósnir Bandaríkjanna: „Við eigum að segja hlutina skýrt, greinilega og af einurð.“



**MATVÖRUVERÐ HÆKKAR** Matvöruverð hækkar um allt að 26 prósent

Verð hækkað um 4 til 26 prósent frá árinu 2010:

# Vörukarfan hækkar mest hjá Tíu-ellefu

**NEYTENDUR** Vöruverð hefur hækkað verulega í öllum verslunum frá því í júní 2010 samkvæmt könnun Alþýðusambands Íslands (ASÍ) sem kynnt var á dögunum.

Könnunin tekur til lágvöruverðsverslana, stórmarkaða og klukkubúða en þegar rýnt er í verðhækkanir verslunarkeðjanna á þessum þremur árum má sjá að verðhækkanir eru afar mismunandi eftir verslunarkeðjum.

Minnsta hækkunin á þessu tímabili er hjá verslunum Hagkaupa, um fjögur prósent, og Nóatúns, um átta prósent. Mesta hækkunin á tímabilinu er hins vegar hjá Tíu-ellefu verslunum en þar hefur verð hækkað um 26 prósent. Vörukarfa hjá Bónus hefur hækkað um tuttugu prósent og vörukarfa Krónunnar um 18 prósent.

Til hliðsjónar bendir ASÍ á að verð á mat- og drykkjarföngum í vísitölu neysluverðs hafi hækkað um sautján prósent frá því í júní 2010. - le







# Fengu milljarða lán þvert á reglur ÍLS

Eigendur Fasteignafélags Austurlands ehf. greiddu sér 430 milljóna króna arð vegna uppbyggingar á Austurlandi án þess að verkefnið sjálft væri arðbært. Félagið lýsti sig gjaldþrota og skildi Íbúðalánasjóð eftir í 2,2 milljarða króna skuld.

**EFNAHAGSMÁL** Eigendur fasteignafélags sem fékk 1,5 milljarða króna að láni frá Íbúðalánasjóði (ÍLS) til uppbyggingar á Austurlandi greiddu sjálfum sér 430 milljónir króna í arð stuttu áður en félagið fór í þrot. Íbúðalánasjóður sat eftir með 2,2 milljarða skuld og íbúðir sem enginn vildi kaupa.

Fjallað er um málið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð. Þar kemur fram að umgjörð sjóðsins hafi verið gölluð þar sem ekki hafi verið gerðar nógu strangar kröfur um fjárhag til leigufélaga sem lánað var til.

Meðal þeirra félaga sem fengu lán var Fasteignafélag Austurlands ehf. sem fékk 1,5 milljarða króna hjá Íbúðalánasjóði til uppbyggingar á Austurlandi. Eigendur fasteignafélagsins voru Ágúst Benediktsson, Haraldur Gunnarsson, Ingibjörg Baldursdóttir og Franz Jezorski, en Franz er fyrrverandi stjórnarformaður Heklu og löggiltur fasteignasali.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að á sama tíma og félagið hafi fengið 1,5 milljarða lán hafi eigið fé félagsins aðeins verið um tvö prósent af eignum þess. Reglur sjóðsins áttu að miða við tíu prósenta eiginfjárhlutfall.

Í rannsóknarskýrslunni segir að eigendurnir hafi fullvissað stjórnendur sjóðsins og yfirvöld um að eftirspurn væri eftir íbúðum á Austurlandi sem tóku eigendurna á orðinu án þess að kanna málið sjálfir.

Eigendur fasteignafélagsins stofnuðu í kjölfarið fyrirtækið Byggingarverktakar Austurlands ehf. sem sá meðal annars um að reisa fjögur sex hæða fjölbýlishús á Reyðarfirði á árunum 2004 til 2007 fyrir lánsfjárhæðina og gerði fasteignafélagið því í raun samning við sjálft sig.

Árin 2007 til 2009 lækkaði verð á íbúðum á Austurlandi um 21 prósent sem gerði það að verkum að ekki leit út fyrir að arðsemi yrði mikil af verkefninu.

Samningarnir reyndust samt sem áður hagstæðir fyrir eigendur félaganna og græddu þeir vel á meðan fasteignafélaginu gekk illa.

Á meðan fasteignafélagið gat fengið lánað hjá sjóðnum, þrátt fyrir slæman fjárhag, gátu eigendurnir greitt sér 430 milljóna króna arð úr verktakafyrirtækinu, sem hagnaðist vel á samningnum. Íbúðalánasjóður átti einungis kröfu á fasteignafélagið sem var með eigið fé sem sveiflaðist í kringum núllið.

Í lok árs 2007 sameinuðust svo félögin undir nafni Fasteignafélags Austurlands sem skuldaði Íbúðalánasjóði á endanum 2,2 milljarða króna. Félagið lýsti sig gjaldþrota árið 2011 og sat Íbúðalánasjóður því uppi með allar skuldir félagsins og hundruð íbúða sem standa margar auðar, enn þann dag í dag, þrátt fyrir að eigendurnir hefðu fyrir árum áður greitt sér mörg hundruð milljónir króna í arð.

lovisa@frettabladid.is



**VOTMÝRI** Ein þeirra fasteigna sem Fasteignafélag Austurlands reisti á Egilsstöðum. MYND/SIGURÐUR INGÓLFSSON

### Ekki hlustað á Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Fasteignafélag Austurlands uppfyllti ekki reglur um að eiginfjárhlutfall skyldi vera að minnsta kosti tíu prósent. Íbúðalánasjóður fullyrti samt í svari til eftirlitsins að lán hefði verið í samræmi við reglur á þeim tíma sem það var veitt. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að sú fullyrðing hafi verið röng.

### ➜ Yfirvöld könnuðu ekki jarðveginn

Árið 2006 stóð til að þrengja skilyrði Íbúðalánasjóðs um lán til leiguíbúða töluvert og meðal annars lækka lánshlutfall til slíkra verkefna.

Eigendur Fasteignafélags Austurlands kvörtuðu yfir fyrirhugaðri breytingu við Magnús Stefánsson, þáverandi félagsmálaráðherra, og bentu á að slík ákvörðun myndi hafa veruleg áhrif á verkefni félagsins.

Eigendurnir fullvissuðu sjóðinn um að ekki væri nokkur leið að hætta við verkefnin sökum gríðarlegrar eftirspurnar eftir leiguíbúðum á svæðinu.

Í kjölfarið fóru forsvarsmenn fasteignafélagsins á fund með Magnúsi og starfsmönnum félagsmálaráðuneytis sem tóku eigendurna á orðinu án þess að rannsaka frekar hver eftirspurnin væri í raun og veru.

Unnið að því að bæta afkomu, efla dagskrárgerð og þróa þjónustuframboð:

# Hagnaður eykst hjá 365 miðlum

**VIÐSKIPTI** Fjárhagsstaða 365 miðla styrktist árið 2012 og hagnaður jókst um 22 prósent frá fyrra ári.

„Rekstur ársins 2012 var ásættanlegur og þriðja árið í röð sem félagið skilar hagnaði sem telja má viðunandi í ljósi efnahagsumhverfisins,“ er haft eftir Ara Edwald, forstjóra 365 miðla, í fréttatilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær. „Stöðugt er unnið að ráðstöfunum til að bæta afkomu félagsins.“ Nefnir hann í því tilliti endursamninga um sjónvarpsefni og önnur aðföng, einföldun á rekstri og sameiningu reksturs félagsins á einn stað. Hluti af þessu er sameining fréttastofu félagsins í eina öfluga einingu.



**ARI EDWALD**

„Þá er lögð áhersla á að efla enn frekar innlenda dagskrárgerð en þar hefur Stöð 2 verið í fararbroddi.“

Heildarvelta 365 miðla ehf. fyrir árið 2012 nam 9.227 milljónum króna og var hagnaður 305 milljónir króna eftir skatt og er það 22 prósenta aukning.

Fyrirtækið hefur byggt upp öflugt fjarskipta- og tæknisvið, þróað tæknilegri hlið á þjónustuframboði félagsins og hannað ný smáforrit sem nú þegar hefur verið halað niður 70 þúsund sinnum.

„Í haust verða kynntar spennandi nýjungar undir hatti sjónvarps framtíðarinnar sem bæta þjónustu og auka hagkvæmni fyrir viðskiptavini.“ - ne



PIPAR\TBWA-SÍA - 132053

UPPBYGGING Á BAKKA VIÐ HÚSAVÍK





MYND/LOFTMYNDIR.IS

**➜ 1.100 metra göng**

Stysta leið á milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarlóðarinnar á Bakka er um 1,8 kílómetrar og liggur um Húsavíkurhöfðann sem er um 70 metra hár þar sem hann er hæstur. Þar í gegn er ætlunin að leggja göng; verk sem Vegagerðin mun annast ef áætlanir ganga eftir. Lengd ganganna yrði um 1.100 metrar með vegskálum sem yrðu við núverandi hafnarsvæði og í Laugardal í norðri.

# Jarðskjálfti veldur ekki áhyggjum

Ein þeirra framkvæmda sem tengjast kísilmálmverksmiðju á Bakka er lagning jarðganga sem hluta af tengingu Húsavíkurhafnar og verksmiðjunnar. Jarðvísindamenn vara við að skapast hafi aðstæður fyrir stóran jarðskjálfta. Vegskáli ganganna er við virkasta skjálftasvæðið.



**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

Vegna iðnaðarstarfsemi á Bakka við Húsavík verður að tryggja aðdrætti frá Húsavíkurhöfn að iðnaðarsvæðinu. Vegtengingin sem er á teikniborðinu er að stærstum hluta jarðgöng í gegnum Húsavíkurhöfða. Á sama tíma benda rannsóknir til að nægileg spenna sé á Húsavíkurmisgenginu fyrir stóran jarðskjálfta. Spurt er um hugsanlegar hættur varðandi jarðgöngin en annar vegskáli ganganna er við virkustu sprungugreinina á svæðinu.

**Umsvif**

Ef allar áætlanir um uppbygginguna á Bakka ganga eftir er áætlað að árlega muni fara um 1,5 milljónir tonna af hráefni og afurðum um Húsavíkurhöfn. Sem stendur er lítið geymslusvæði við höfnina og takmarkaðir möguleikar á stækkun þess. Til að mæta þeim takmörkunum er stefnt að því að flytja allt hráefnið beint á iðnaðarlóð á Bakka jafnóðum og það kemur til hafnar. Stefnt er að því að nota sérútbúna bílalest sem getur tekið allt að 85 tonn í hverri ferð, með heildarþunga upp á 123 tonn. Slíkar bílalestir eru 50 metra langar.

Stysta leið á milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarlóðarinnar á Bakka er um 1,8 kílómetrar og liggur um Húsavíkurhöfðann sem er um 70 metra hár þar sem hann er hæstur. Þar í gegn er ætlunin að leggja göng; verk sem Vegagerðin mun annast ef áætlanir ganga eftir. Lengd ganganna yrði um 1.100 metrar með vegskálum sem yrðu við núverandi hafnarsvæði og í Laugardal í norðri. Þessi framkvæmd fellur undir lög um uppbyggingu innviða sem fyrri ríkisstjórn samþykkti í apríl 2013, en þessi verkþáttur er talinn kosta um 1,8 milljarða króna miðað við verðlag í lok árs 2012.

**Sprungan**

Fréttablaðið greindi frá því 25. júní að nýjustu rannsóknir jarðvísindamanna sýna að spenna í Húsavíkurmisgenginu svokallaða sé til staðar fyrir skjálfta af stærðinni 6,8 á Richter, en svo stórir skjálftar og stærri eru þekktir á svæðinu. Það er mat Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði, að upplýsingarnar ættu að skoðast í ljósi ákvarðana um uppbyggingu mannvirkja, ekki síst kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka enda væri verksmiðjan bókstaflega ofan í virkasta sprungusvæðinu. Nefndi hann sérstaklega sprungugrein kennda við Skjólbrekku og aðra sem kennd er við Laugardal – þar sem jarðgöngin kæmu upp úr jörðinni norðan megin. Sprungugreinarnar tvær eru þær virkustu á Húsavíkurmisgenginu. Því yrðu göngin staðsett skammt frá stærstu jarðskjálftasprungum á svæðinu – þar sem ein mesta jarðskjálftahættan er á landinu.

**Öruggustu mannvirkin**

„Ekki eru fyrirséð nein sérstök vandkvæði vegna þessarar hættu enda yrði tekið tillit til hennar í hönnun verksins. Reynslan sýnir enn fremur að jarðgöng í bergi eru ein öruggustu mannvirkin í jarðskjálftum," segir í skýrslu GeoTek ehf., sem vann jarðfræðirannsókn fyrir Vegagerðina vegna líklegra framkvæmda í Húsavíkurhöfða.

Björn A. Harðarson, jarðverkfræðingur hjá GeoTek, segir að vissulega hafi verið horft sérstaklega á að misgengið í Laugardalnum, frá fjalli til fjöru, liggur rétt fyrir utan gangamunnann. Allir þekki til þessa og sagna af jarðhræringum á fyrri tíð. „En við teljum að þetta misgengi útiloki alls ekki mannvirki á þessum stað. Jarðgöng þola ótrúlega vel jarðskjálfta og í raun öruggara að vera inni í þeim en á yfirborði," segir Björn og bætir við að ekki hafi verið tekið tillit til eins sterks skjálfta og jarðvísindamenn tala um, eða allt að 7,0 á Richter. Hann segir útilokað að göng hrynji saman við svo sterkan skjálfta, fólk þurfi engar áhyggjur að hafa af slíku.

Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði, vann, ásamt kollega sínum Birgi Guðmundssyni, minnisblað vegna iðnaðarvegarins á milli hafnarinnar og Bakka. Hann tekur undir orðs Björns um hversu vel jarðgöng standa af sér jarðskjálfta. Hins vegar segir Gísli að skoða verði sérstaklega gangagerð og vegskála með tilliti til stórra jarðskjálfta. Í raun sé ekki um vandamál að ræða en því fylgi óneitanlega aukinn kostnaður.

**Áhætta og öryggi**

Í frummatsskýrslu umhverfismats vegna kísilmálmverksmiðju PCC, frá febrúar í ár, segir að til að draga úr áhættu vegna jarðskjálfta verða mannvirki hönnuð sérstaklega með tilliti til þeirra. Eins að leiðslur fyrir jarðgas, sem fylgir sprengihætta, og kerfi sem innihalda eitraðar lofttegundir verða hönnuð sérstaklega með jarðskjálftaálag í huga samkvæmt ströngustu kröfum. „Viðbragðsáætlanir verða unnar fyrir alla starfsemina með sérstaka áherslu á þætti sem valda áhættu fyrir fólk, umhverfi og starfsemi við og í kjölfarið á jarðskjálfta, t.d. vegna gasleka eða óæskilegrar losunar úrgangs eða eitraðra lofttegunda," segir þar einnig.

> **En við teljum að þetta misgengi útiloki alls ekki mannvirki á þessum stað. Jarðgöng þola ótrúlega vel jarðskjálfta og í raun öruggara að vera inni í þeim en á yfirborði**
>
> *Björn A. Harðarson*
> *jarðverkfræðingur hjá GeoTek*




## Jörðin rifnaði þvert og endilangt

Skýrslur um jarðskjálftahættu og aðra náttúruvá vegna iðnaðaruppbyggingar fyrir norðan hafa verið unnar, fleiri en ein og fleiri en tvær. Bæði Veðurstofan og Háskóli Íslands unnu til dæmis skýrslur vegna jarðskjálfta í tengslum við hagkvæmnisathugun vegna álvers á Bakka. Alcoa lét einnig meta jarðskjálftahættu vegna mats á umhverfisáhrifum – sérstaklega möguleg jarðskjálftaáhrif innan fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis. Við bætast rannsóknir vegna byggingar kísilmálmverksmiðju PCC. Niðurstöður rannsókna og jarðskjálftasaga svæðisins er talin gefa fullt tilefni til að aðgát skuli höfð og fullt tillit tekið til áhrifa við hönnun og staðsetningu mannvirkja. Hins vegar telja menn ekki mikla hættu til staðar þegar allt er talið.



Eftir standa áhyggjur jarðvísindamanna, auðvitað ekki allra, auk varnaðarorða frá almenningi sem bæði má finna í opinberri umræðu og í umsögnum vegna iðnaðaráformanna. Þar er oftar en ekki vitnað til lýsinga úr samtímaheimildum, t.d. 19. aldar annálum eftir stórskjálftann árið 1872. „Meðan á mestu hreyfingunum stóð gekk jörðin sem í smáöldum, síðan rifnaði hún þvert og endilangt og voru rifurnar sums staðar svo breiðar, að þær voru ekki minna en hálf alin og ein þeirra er lá ofan frá Húsavíkurfjalli og ofan allan Laugardal [...] Ein rifa var að norðanverðu í Höfðanum, er svo mikill hiti var í, að upp úr henni rauk samfleytt í fjóra sólarhringa [...] Fjaran fyrir neðan verzlunarhúsið sprakk öll í sundur og varð heit að mun, og upp úr sprungunni spýttist vatn og lagði upp úr sprungunni bláa gufu, er líktist brennisteinsloga."



ÁRNES
N1
SELFOSS
N1
HVERAGERÐI
N1
HVOLSVÖLLUR
N1
FORSKOT
Þau fóru í leik.* Hann ákvað að telja alla hesta og hún allar kindurnar. Hún byrjaði mjög vel. Hann ákvað að vera ekkert að vekja hana.
*Fullt af spennandi leikjum í Vegabréfi N1
SELANAMMI
Pabbi heldur að það sé líklegra að selir borði súkkulaði* með fiskibragði.
*Öðrum stimpli í Vegabréf N1 fylgir súkkulaði með appelsínubragði
VEGABRÉF N1
Leikurinn er kominn á fullt
Vegabréf N1 er viðburðarík skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Söfnum stimplum og leikum okkur í fríinu. Hverjum stimpli fylgir glaðningur en í lok sumars verða dregnir út fjölmargir veglegir vinningar. Þar ber hæst glæsilega utanlandsferð fyrir ferðaglaða fjölskyldu.
ÝKT FLOTTIR VINNINGAR
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL TENERIFE Í VIKU Í VETUR
Flug og gisting fyrir fjóra (2 fullorðnir og 2 börn) á 3ja stjörnu hóteli á Tenerife í vetur.
Verðmæti: 680.000 kr.
3X BROIL KING Porta Chef Pro ferðagasgrill
8X IPOD Shuffle
3X MUSE 9 ferða DVD spilari
2X APPLE TV
3X SONY MYNDAVÉL
20X PARTÍPLATTAR frá Subway
20X GJAFAKÖRFUR frá Kaffitár
20X GJAFABRÉF í Skemmtigarðinn
20X GJAFABRÉF frá Serrano
N1
VOGAR
N1
GRINDAVÍK
N1
N1
FÓTATAK
Að ganga um hraunið er svolítið eins og að borða snakk.*
*Blár eða gulur Doritos fylgir sjötta stimpli í Vegabréfið
Vegabréfið er hægt að nálgast á næstu þjónustustöð N1
VEGABRÉF
SUMAR 2013

FORSETA EGYPTALANDS STEYPT AF STÓLI

## STOFNANDI BRÆÐRALAGS MÚSLIMA VAR ÞEIRRA JÓNAS FRÁ HRIFLU



SVERRIR AGNARSSON

Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, segir það mikinn misskilning að í Egyptalandi hafi staðið yfir einhver sérstök barátta milli íslamskra afla annars vegar og veraldlegra eða frjálslyndra afla hins vegar. „Níutíu prósent Egypta eru múslimar og engin hreyfing í landinu á nokkurn möguleika nema að tengjast íslam.“

Hann segir byltinguna í Egyptalandi árið 2011 hafa verið skylda því sem gerðist í Túnis en allt annars eðlis en það sem gerðist í Líbíu og er nú að gerast í Sýrlandi.

„Í Egyptalandi, rétt eins og í Túnis, er það grasrótin sjálf sem fer af stað. Ég man eftir að svipað gerðist líka til að byrja með í Sýrlandi þegar mótmælin þar hófust. Þarna sástu unga menn úti á götum standa vopnlausa andspænis hernum. Þetta var svo allt saman tekið yfir af einhverjum öfgamönnum sem heimurinn studdi. Svo er bara arabaheimurinn allur í rúst.“

Í Egyptalandi gerðist það að stjórnmálaöfl tengd Bræðralagi múslima unnu ótvíræðan sigur í lýðræðislegum kosningum. Múhamad Morsi kemur einnig úr röðum Bræðralagsmanna.

„Upphaflega er þetta hreyfing stofnuð af Hassan al-Banna,“ segir Sverrir. „Hann var þeirra Jónas frá Hriflu, má segja. Þetta var frá upphafi eins konar ungmennafélagshreyfing. Þeir æfðu íþróttir, ráku kvöldskóla og sjúkrahús, efldu menntunina og styrktu menninguna til mótvægis við áhrif Breta. Þarna innanborðs eru hættuleg öfl, en öfgafólk er víða, líka í hægri hreyfingum hér á Vesturlöndum.“

Sverrir segist engan veginn vera neinn sérstakur Morsimaður. „Þetta er bara svo skrítið. Maður skilur ekki alveg hvaða hugmynd um lýðræði er þarna á ferðinni. Morsi var lýðræðislega kosinn forseti og Bræðralag múslima fékk meirihluta í kosningum. Stjórnarskráin var líka samþykkt með 65 prósentum atkvæða, og hún var ekkert verri en sú gamla. Morsi hefur heldur ekki verið að skjóta neinn, hann hagar sér mjög vel í raun og veru. Þetta er ekkert skylt Tyrklandi eða öðrum einræðisríkjum.“

Sverrir segir Morsi vissulega hafa gert mistök. Auk þess hafi hið erfiða efnahagsástand óspart verið notað til að magna upp óánægju almennings. „Það er búið að undirbúa þessi mótmæli í þrjá mánuði. Það streymir í þetta fjármagn frá öflum sem vilja ekki sterka stjórn. Þeir eru hræddir við að íslamistar fari með völdin, en þeir náðu bara völdum í lýðræðislegum kosningum. Það er ekkert flóknara.“

Sverrir bendir á að í næstu viku hefst ramadan, föstumánuður múslima sem jafnan er mikil hátíð um allan arabaheiminn: „Á sumrin er 40 stiga hiti í Kaíró og allir borgarbúar eru úti á götunum eftir að sólin sest, allt kvöldið og langt fram á nótt. Það þarf ekki að skipuleggja neinn mótmælafund, því allir eru hvort eð er úti á götunum. Þegar svona er þá er auðvelt að æsa upp liðið, fólk er órólegt og hrætt og fátæktin er mikil.“



HASSAN AL-BANNA

# Óvissa um lýðræðið í Egyptalandi

**Fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Egyptalands situr nú í stofufangelsi ásamt mörgum helstu leiðtogum Bræðralags múslima. Herinn hefur steypt Morsi af stóli og fengið einum helsta andstæðingi hans, yfirdómara stjórnlagadómstóls, forystuhlutverkið í nýrri bráðabirgðastjórn.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Sigur Múhamads Morsi í forsetakosningum á síðasta ári var mikill sigur fyrir Bræðralag múslima, samtök sem njóta mikilla vinsælda en hafa jafnan verið þyrnir í augum valdaklíkunnar.

Fall Morsis er að sama skapi mikið áfall fyrir hreyfinguna.

Morsi situr nú í stofufangelsi og margir helstu leiðtogar Bræðralagsins hafa einnig verið hnepptir í fangelsi, þar á meðal Múhamad Badí, æðsti leiðtogi samtakanna.

Á miðvikudagskvöld birtist í egypska ríkissjónvarpinu Abdúl Fatta al Sísí, æðsti yfirmaður egypska hersins, og tilkynnti þjóðinni að Morsi hefði verið steypt af stóli, rúmum tveimur sólarhringum eftir að herinn gaf honum lokafrest til að ná sáttum við andstæðinga sína. Andstæðingarnir höfðu krafist afsagnar Morsis, en hann staðið fast á því að hann væri réttkjörinn forseti í lýðræðislegum kosningum, þeim fyrstu þeirrar tegundir í gjörvallri sögu Egyptalands.

Á blaðamannafundinum með al Sísí voru einnig viðstaddir bæði nokkrir leiðtogar stjórnarandstöðunnar, þar á meðal Múhamed El Baradei, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðlegu kjarnorkumálastofnunarinnar. Einnig sátu þar við háborðið þeir Ahmed El Tajib, helsti leiðtogi egypskra múslima, og Tavadros II., páfi koptakirkjunnar, en koptar eru kristnir menn og um það bil níu prósent þjóðarinnar.

Í gærmorgun tók svo Adlí Mahmúr Mansúr, yfirdómari við stjórnlagadómstól Egyptalands, formlega við forsetaembættinu til bráðabirgða. Stjórnlagadómstóllinn hafði verið Morsi afar erfiður allan tímann, sem hann sat í embætti.

Mikill mannfjöldi fagnaði á miðvikudagskvöld inngripi hersins og brotthvarfi Múrsís, en fjölmargir stuðningsmenn hans og Bræðralagsins eru að sama skapi ósáttir við niðurstöðuna.

Að mati Sverris Agnarssonar, formanns Félags múslima á Íslandi, segist engu að síður reikna með því að nú fari í hönd rólegar vikur, einhvers konar millibilsástand á meðan fólk bíður þess hvernig málin þróast.

„En svo líða nokkrar vikur og fólk áttar sig á að ekkert gerist. Sömu öflin eru áfram við völd, sama spillingin, engum verður refsað og fátæktin mun ekki hverfa. Á endanum fara menn á stjá aftur og þá getur þetta orðið blóðugt. Ég óttast það,“ segir Sverrir, sem þekkir vel til í Egyptalandi.



**DÓMARAR HÆSTARÉTTAR** Yfirdómarinn Adlí Mansúr tekur við heillaóskum frá félögum sínum í gærmorgun, þegar hann tók formlega við forsetaembættinu.
NORDICPHOTOS/AFP




**MORSI KVADDUR** „Bæ, bæ, Morsi“ og „Leiknum er lokið“ stendur á skiltinu, sem einn af andstæðingum Morsis veifaði sigri hrósandi fyrir utan hús hæstaréttar í miðborg Kaíró í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Íslamistar, herinn og hæstiréttur

Bræðralag múslima var stofnað árið 1928. Þetta eru samtök heittrúaðra múslima sem náðu fljótt vinsældum en hafa aldrei notið velvildar valdastéttarinnar. Samtökin hafa jafnan unnið öflugt starf að velferðar- og menningarmálum, en innanborðs hafa einnig verið einstaklingar og hópar sem ekki hafa hikað við að beita ofbeldi. Stjórnvöld hafa tekið hart á móti, fangelsað fjölda liðsmanna og bannað samtökunum þátttöku í stjórnmálum.

Áratugum saman hefur herinn í reynd farið með öll völd í landinu, eða allt frá herforingjabyltingunni árið 1952. Staða hersins virðist enn mjög sterk, kannski ekki síst vegna þess að almenningur í Egyptalandi virðist treysta hernum og ekki síður vegna þess að stjórnlagadómstóll landsins hefur jafnan staðið þétt við bakið á herforingjunum.

Það rétt rúma ár, sem Morsi og félagar hans úr Bræðralagi múslima sátu að völdum hefur stjórnlagadómstóllinn reynst þeim erfiður ljár í þúfu. Dómararnir gerðu sér lítið fyrir og leystu upp neðri deild þjóðþingsins síðasta sumar, þegar Morsi var nýtekinn við sem forseti. Allt benti til þess að þeir ætluðu einnig að leysa upp efri deildina og stjórnalagaþingið í desember síðastliðnum, en Morsi greip þá inn í og tók sér einhliða stóraukin völd, hvaðaði vinnu við nýja stjórnarskrá og lét kjósa um hana um miðjan desember. Sú stjórnarskrá hefur nú verið numin úr gildi.



MÚHAMAD MORSI






SJÓNVARP SEM ER BÆÐI GÁFAÐ OG FALLEGT

Nýja Philips DesignLine SmartTV tækið er óhefðbundið sjónvarp. Bakvið glerið er einstök Ambilight tæknin, sem ásamt LED ljósum skapar takmarkalausa upplifun. Og að sjálfsögðu er mögulegt að tengjast þráðlaust og deila efni með öðrum gáfuðum tækjum á heimilinu!

**PHILIPS AMBILIGHT TV - BEYOND THE ORDINARY**

**PHILIPS**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Tölvuleikir velta meiru en tónlistariðnaðurinn:

# Atvinnumenn í tölvuleikjum

Úr herbergjum unglinganna á Íslandi heyrast oft háværar samræður á ensku ef unglingurinn er að spila tölvuleik. Þetta er ný menning og mörgum þykir hún óhugnanleg. Í því samhengi er rætt um tölvuleikjafíkn og foreldrar oft áhyggjufullir. Það er erfitt að ala upp ungling í nútímasamfélagi hvað þá ef hann dvelur tímunum saman í gerviveröld tölvuleikjanna. En nýir siðir ungs fólks hafa alltaf valdið áhyggjum hinna sem eldri eru. Þannig var það með tónlistina, vídeógláp og aðrar nýjungar. Við erum oft alltof svartsýn á framtíð unga fólksins okkar og einblínum um of á hið neikvæða.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Í Fréttablaðinu í gær sögðum við frá íslenskum atvinnumanni í tölvuleikjaspilun. Það er búið að kaupa hann til Sviss og þótt þessi frétt sé nýlunda í íslenskum fjölmiðlum eru tíðindin ekkert ósvipuð því en þegar sagðar eru fréttir af unglingum sem keyptir eru til að spila fótbolta eða handbolta í Svíþjóð. Sjálfur segir ungi atvinnumaðurinn, Jökull Jóhannsson, að þetta sé eins og hver önnur vinna en hann æfir þessa íþrótt, að spila tölvuleik, í átta tíma á dag. Bestu atvinnumennirnir í deild Jökuls, sem kennir sig við leikinn Starcraft, þéna eina til tvær milljónir á mánuði. Það er því til nokkurs að vinna.

Tölvuleikir tilheyra afþreyingariðnaði og síðustu ár hefur velta iðnaðarins orðið tvöfalt meiri en velta tónlistariðnaðarins. Fyrsti söludagur nýs leiks slær oft út miðasölu á stærstu bíómyndir hvers árs á opnunarhelgi. Tölvuleikir velta líka meiru en tímaritaútgáfa í heiminum og slaga vel yfir helming veltu kvikmyndaiðnaðarins.

Eitt af framsæknari fyrirtækjunum hér á landi er tölvuleikjaframleiðandinn CCP sem gefur út Eve Online og fleiri leiki. Fjöldi manns starfar hjá fyrirtækinu sem er með skrifstofur víða um heim. Hrunið hafði lítil áhrif á tölvuleikjaiðnaðinn nema þá til batnaðar því það losnaði um hæfileikafólk sem kastaði sér út í ævintýri á nýjum slóðum. Við sögðum frá nokkrum ungum mönnum í síðustu viku sem hafa skapað nýjan leik sem kemur út á næstunni og heitir Aaru‘s Awakening. Samtals hafa þessir ungu menn eytt níu milljónum í beinhörðum peningum til að koma leiknum á koppinn en raunverðið hleypur á yfir hundrað milljónum ef vinnuframlag þeirra er tekið með í reikninginn. Þetta er frumkvöðlastarf og mikil áhætta en miðað við umfjöllun í erlendum tölvuleikjamiðlum bendir allt til þess að veðmálið gæti gengið upp.

Íslenskur tölvuleikjaiðnaður veltir yfir tíu milljörðum króna á ári og þó eigum við nóg inni. Ekkert bendir til þess að eftirspurn eftir afþreyingu í formi tölvuleikja eigi eftir að minnka. Þvert á móti fjölgar þeim sem spila leiki og þetta fólk eldist og vill fjölbreyttari afþreyingarleiki. Við eigum að taka öllum svona breytingum fagnandi og passa okkur að gera ekki lítið úr furðulegu samræðunum sem við heyrum úr herbergjum unglinganna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert svar

Enginn þeirra, sem fóru með völd yfir Íbúðalánasjóði á því tímabili þegar hann var settur á hliðina, hefur fengist til að tjá sig að nokkru ráði um efni rannsóknarskýrslunnar um málefni sjóðsins. Framkvæmdastjórinn fyrrverandi, Guðmundur Bjarnason, segist enn ekki hafa kynnt sér hana nógu vel, þremur dögum eftir útgáfu hennar, stjórnarformaðurinn fyrrverandi segist ekki einu sinni hafa séð hana, aðrir stjórnarmenn vilja ekkert segja og fyrrverandi ráðherrar Framsóknarflokksins láta ýmist ekki ná í sig eða þykjast ekkert hafa um málið að segja. Þetta er merkileg staða.



### Óforskammað

Nú er það svo að allir þessir karlmenn voru í vinnu fyrir íslenskan almenning. Skýrsla nefndar sem þjóðkjörið Alþingi skipaði kemst að því að Íbúðalánasjóður, undir þeirra stjórn, hafi verið í tómu rugli og ruglið hafi kostað þjóðarbúið risavaxnar upphæðir. Þessum mönnum er ekki stætt á því að þiggja bara eftirlaun í sínum hornum og þegja þunnu hljóði. Hafi þeir ekki lesið skýrsluna skulu þeir bara gjöra svo vel og útvega sér hana, lesa hana í snarhasti, og standa síðan fyrir máli sínu. Annað er óforskammað.



### Frægir með athugasemdir

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar fjallaði á fundi sínum á miðvikudag um breytt deiliskipulag í Kvosinni. Það er ljóst að það eru margir sem hafa sitthvað að athuga við deiliskipulagið, því að á fundinum voru kynntar ótal athugasemdir sem hafa borist. Fjöldi þeirra var frá tónlistarmönnum. Á meðal þeirra sem sendu inn athugasemd voru Úlfur Eldjárn, Tómas R. Einarsson, Högni Egilsson, og Samúel Jón Samúelsson úr Jagúar. Þá er Páll Óskar Hjálmtýsson að sjálfsögðu á lista, og eins vinkona hans, hörpuleikarinn Monika Abendroth.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Stóra málið!

HÚSNÆÐISMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**

þingmaður Samfylkingarinnar

Rannsóknarskýrsla Alþingis um Íbúðalánasjóð er vissulega svört, um það þarf ekki að deila. Engin ástæða er þó til að fyllast svartsýni um framtíð húsnæðismálanna. Við eigum að læra af skýrslunni og bæta vinnubrögð og stefnumótun.

Húsnæðismálin eru eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna. Öruggt húsnæði er grunnur að velferð fólks um leið og skipan húsnæðismála er eitt stærsta efnahagsmálið. Eðli málsins samkvæmt tekur tíma að gera breytingar á húsnæðiskerfinu. Rannsóknarskýrslan um Íbúðalánasjóð sýnir að breytingar á fjármögnun húsnæðis geta haft alvarlegar afleiðingar ef ekki er hugað að víðtækum áhrifum þeirra í upphafi. Skýrslan sýnir einnig að markviss húsnæðisstefna er nauðsynleg til að tryggja fólki húsnæði af réttri stærð og á réttum stöðum. Nú á Íbúðalánasjóður um 2.200 íbúðir en innan við þriðjungur þeirra er í útleigu. Hinar standa auðar, sumar jafnvel ekki fullbyggðar eða í byggðarlögum þar sem lítil eftirspurn er eftir húsnæði.

### Gagnleg umræða

Þverpólitískur samráðshópur um húsnæðisstefnu skilaði tillögum vorið 2011 og þar skapaðist samstaða um húsnæðisstefnuna. Lögð var áhersla á að innleiða

**➜ Eðli málsins samkvæmt tekur tíma að gera breytingar á húsnæðiskerfinu.**

húsnæðisáætlanir í sveitarfélögum, efla upplýsingar um húsnæðismarkaðinn, breyta húsnæðisstuðningi svo eigendum húsnæðis sé ekki gert hærra undir höfði en leigjendum, breyta rekstrarumhverfi húsnæðisfélaga og síðast en ekki síst skapa stöðuga umgjörð um fjármögnun húsnæðis. Á síðustu mánuðum og misserum hafa vinnuhópar verið að skila tillögum um þessa þætti stefnunnar. Nú er mikilvægt að koma þeim í framkvæmd enda mikil eftirspurn eftir húsnæði á viðráðanlegu verði.

Við í Samfylkingunni fögnum því að Eygló Harðardóttir, nýr félags- og húsnæðismálaráðherra, ætlar að skipa verkefnisstjórn um húsnæðismál og samvinnuhóp með henni. Heildstæðar tillögur liggja fyrir í velferðarráðuneytinu frá fyrri ríkisstjórn og rannsóknarskýrslan um Íbúðalánsjóð hefur að geyma mjög gagnlega umræðu.

Halda þarf áfram breytingum á Íbúðalánasjóði, ákveða skipan húsnæðislána og innleiða þá metnaðarfullu húsnæðisstefnu sem þverpólitísk sátt ríkir um. Húsnæðismálin eru stóra málið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Öfug-Hrói

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fyrir seinustu kosningar leit út fyrir að tveir flokkar myndu standa uppi með mest fylgi og, að öllum líkindum, mynda saman ríkisstjórn. Annar flokkurinn vildi gefa fullt af fólki pening, þeim mesta peninginn sem byggju í stærsta húsnæðinu og skulduðu mest í því. Hinn flokkurinn vildi það síður. Á endanum vann seinni flokkurinn kosningarnar en báðir flokkarnir fengu 19 þingmenn, þökk sé kosningakerfinu. Gjafmildi flokkurinn fékk svo stjórnarmyndunarumboðið. Óvissufaktorinn á Bessastöðum sá til þess.

Flokkarnir tveir skrifuðu undir stjórnarsáttmála þar sem sagði meðal annars: „Ríkisstjórnin mun með markvissum aðgerðum taka á skuldavanda íslenskra heimila sem er til kominn vegna hinnar ófyrirsjáanlegu höfuðstólshækkunar verðtryggðra lána sem leiddi af hruni fjármálakerfisins. Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbólguskots áranna 2007–2010 en í því augnamiði má beita bæði beinni niðurfærslu höfuðstóls og skattalegum aðgerðum.“ Gaman að því.

Sem sagt: Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér með markvissum og almennum aðgerðum að færa til gríðarlega fjármuni frá þeim sem eiga sparifé og skuldabréf og til þeirra sem skulda mikið. Stjórnarskráin bannar að þetta sé gert kinnroðalaust og því þarf að finna leiðir til að gera það óbeint, til dæmis með því að prenta peninga eða með því að búa til einhverja sjóði, mauka með þá og láta skattgreiðendur borga. En þótt sjóðirnir verði margir og framlögum í þá dreift yfir mörg ár þá verður þetta á endanum samt bara eignatilfærsla.

**Varnaðarorð hunsuð**

Nú vill svo til að bæði Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vara mjög við þeirri leið að fara í flata niðurfærslu lána. Það gerir Seðlabanki Íslands einnig. Í umsögn Seðlabankans um þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna er vísað í fræðigrein eftir Þorvarð Tjörva Ólafsson og Karen Áslaugu Vignisdóttur þar sem kemur fram að flöt afskrift skulda um 20% myndi nýtast illa. Þannig myndi 25% af niðurfærslunni fara til heimila í greiðsluvanda en 30% til heimila sem hafa verulegan afgang af heimilisrekstrinum, þ.e.a.s yfir 200 þús. kr. á mánuði.

Almenn niðurfærsla mun því færa gríðarlegar fjárhæðir til ríks fólks sem þarf ekkert á peningum að halda.

Mér líst reyndar vel á þá byrjun á lausn á skuldamálum heimilanna að samþykkja að setja á fót nefnd. Vonandi að starf þeirrar nefndar verði langt og farsælt (en þá sérstaklega langt). Vonandi nógu langt til að markaðurinn nái að leiðrétta alla „forsendubresti“ sjálfur. Það gengur raunar ágætlega hjá honum. Kaupmáttur launa er nú sá sami og hann var í júní 2006. Og þá er spurning: Á þá að „leiðrétta“ verðtryggð lán, til að afborganir þeirra verði 20% lægri en þær voru þegar fólk ákvað að taka þau? Það er ekki „leiðrétting“, það er peningagjöf.

Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti á þessari öld sem aðgerðir í húsnæðismálum kalla á harða gangrýni skammstafaðra stofnana, innlendra sem erlendra. Sama var uppi á teningnum þegar byrjað var að veita 90% með tilheyrandi þenslu á fasteignamarkaði og gríðarlegum óförum Íbúðalánasjóðs í kjölfarið. AGS, OECD og SÍ höfðu þá uppi sömu varnarorðin. Ekki var hlustað þá.

**Í skjóli enn verri hugmynda**

Sú ábending Sjálfstæðisflokksins að stjórnarandandstaðan hafi á sínum tíma viljað ganga enn lengra í 90% lánunum er vissulega merkilegur vitnisburður um stemninguna í þjóðfélaginu á árunum 2003-2004. En hún er varla sterk málsvörn í sjálfu sér. Stjórnarandstaðan heldur oft fram einhverri dellu. Í umræðum um fjárlög vill hún oftast hækka flest útgjöld. Varla ætlar ríkisstjórn sem keyrir ríkissjóð í kaf með stöðugum hallarekstri að afsaka sig með því að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi stundum viljað eyða enn þá meira. Þeir ráða sem ráða.

Þeir þingmenn sem kosnir voru til að gæta aðhalds í ríkisrekstri eiga ekki að gefa sig. Flöt niðurfærsla lána er ekki skynsöm. Hún er dýr og nýtist bágstöddum heimilum illa. Auðvitað er stemning fyrir henni innan þings sem utan. En ábyrgðin er þeirra sem eru í stjórn. Ef menn nú keyra ríkissjóð í kaf þá geta þeir varla, tíu árum síðar, notað þá málsvörn að einhverjir ábyrgðarlausir rugludallar hafi viljað ganga enn lengra.

> Kaupmáttur launa er nú sá sami og hann var í júní 2006. Og þá er spurning: Á þá að „leiðrétta“ verðtryggð lán, til að afborganir þeirra verði 20% lægri en þær voru þegar fólk ákvað að taka þau? Það er ekki „leiðrétting“, það er peningagjöf.

## AF NETINU

### Blaut úldin tuska

Ríkisstjórnin veit að 70 prósent landsmanna hafa í skoðanakönnun lýst andstöðu við þá fyrirætlun hennar að lækka og síðan fella niður veiðigjöld á sægreifana. Ríkisstjórnin veit líka að 35.000 manns hafa sett nafn sitt við undirskriftasöfnun þar sem þessu er mótmælt.

Ríkisstjórnin veit að sérfræðingar í hagfræði hafa lagst gegn þessu, bæði okkar mætustu menn og líka „skammstafanir í útlöndum“. Eigi að síður ætlar ríkisstjórnin að keyra málið í gegn.

Og ekki nóg með það! Nú ætlar hún á síðustu metrum sumarþingsins að þruma í gegnum þingið 460 milljóna aukagjöf til sægreifanna. Sægreifanna sem hafa líka styrkt svo ríkulega þá stjórnmálaflokka sem mynda þessa ríkisstjórn. […]

Fyrirgefið… en mér blöskrar.

blog.pressan.is/illugi
*Illugi Jökulsson*

### Þórólfur á þingi

Ætli Þórólfur Gíslason hafi ekki meiri áhrif innan Framsóknarflokksins en hann sjálfur vill vera láta.

Og það má alveg ítreka spurninguna úr fréttum Stöðvar 2: Hver eru tengsl Þórólfs Gíslasonar við núverandi forystu Framsóknarflokksins? Hin meinta endurnýjun þar á bæ kann nefnilega að vera eingöngu á yfirborðinu.

ingimarkarl.is
*Ingimar Karl Helgason*

SPORTÍS
LAGERHREINSUN!
MERKJAVARA Á GÓÐU VERÐI




Í SAL FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS - MÖRKINNI 6
5.JÚLÍ - 1.ÁGÚST
OPIÐ MÁN.-FÖS: 12 - 18 - LAU.10-16
30 - 70% AFSLÁTTUR!
SKÓR - SPORTFATNAÐUR -BARNAFÖT - SUNDFÖT - TÍSKUFÖT O.FL.
ÓTRÚLEG VERÐ - EKKI MISSA AF ÞESSU!
EASTPAK asics DC Thorlo CANADA GOOSE casall SEAFOLLY MC PLANET SQUARE
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# Oflátungsskapur treður illsakir

SAMFÉLAG



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Margir höfðu vonast til að forsætisráðherra myndi nota tækifærið við hátíðarræðu sína 17. júní sl. til að slá á sáttatóna bæði út á við sem og inn á við til þjóðarinnar. Það hefði getað auðveldað honum eftirleikinn og gert þjóðina sáttari við það afturhvarf til fortíðar og sérgæslu sem nýkjörinn meirihluti á Alþingi hefur lofað að standa vörð um og ráðherrar útfæra nú kappsamlega. Einnig hefði sú söguskoðun að sættir og samlyndi hafi ríkt hjá þjóðinni á krepputímum síðustu aldar, mátt bera vott um meiri þekkingu á þeim tíma. Sögufölsun er vandmeðfarið valdatæki, sem hefur alltaf verið notað af sigurvegurum allra tíma, sjálfum sér til upphafningar.

**Aftenging við vinaþjóðir**

Sjaldan hafa átakalínur í íslenskum stjórnmálum verið skýrari. Hvort sem horft er inn á við, til skattlagningar auðlindanýtinga, ríkisfjármála, umhverfismála, atvinnuuppbyggingar eða skipulagi stjórnsýslu, svo ekki sé minnst á stjórnarskrármálið sjálft. Alls staðar eru nú stigin föst skref til að snúa við þeim ákvörðunum sem teknar voru á síðasta kjörtímabili, og viðmið sett á löngu liðna tíð. Meðan stjórnvöld í nágrannaríkjum eru að kortleggja framtíðina fetum við í fótspor fortíðar. Þetta seinkar því að við Íslendingar getum orðið samhliða öðrum nágrannaþjóðum í samfélagsþróuninni. En kannski er það einmitt tilgangurinn, því í utanríkismálum er snúið við af þeirri braut sem mótuð var eftir stríð, þar sem framtíð og örlög þjóðarinnar voru fasttengd í bandalögum með vestrænum ríkjum við inngönguna í NATO.

Þetta meginstef íslenskrar utanríkisstefnu var endurtekið um 1970, við þátttöku í EFTA og síðan aftur með EES-samningnum 1993. Nú er sá dýrmæti meginþráður rofinn, vík verður á milli vina. Kannski þau rof verði enn dýpri. Miðað við þær yfirlýsingar að forseti landsins fari með fullveldismálin f.h. ríkisstjórnarinnar, þá má vænta þess að hér gætu orðið frekari breytingar á. Hann hefur aldrei verið mikill vinur vestrænnar samvinnu. Og nú bætir forsætisráðherra um betur. Illsakir eru troðnar við ríkjasamband nágrannaþjóða okkar og þar alið á tortryggni og fjandskap. Sjálfbirgingsháttur forsætisráðherrans 17. júní var með ólíkindum. Málflutningurinn minnti á belging stjórnar Norður-Kóreu í garð Bandaríkjanna.

**Íslenskt samfélag í fjötrum**

Síðbúin samfélagsþróun er ekki ný af nálinni hérlendis. Við erum og vorum það sem kalla má seinkuð þjóð. Bjuggum við innlenda kúgun, sem sambærileg var við bændaánauð lénstímans í Evrópu, nema hér voru það stórbændur sem héldu þróun samfélagsins í heljargreipum með vistarbandi og margvíslegum álögum á leiguliða. Þetta var ekki afnumið fyrr en skömmu eftir að bændaánauðin var aflögð í flestum Evrópuríkum. Við þurftum enga útlendinga til að kúga okkur. Það gerðu samlandar okkar. Frelsisboðskapurinn kom með sunnanvindinum yfir höfin. Þegar fullveldi var fengið vorum við vanþróuð þjóð bæði í pólitískum, búsetulegum sem og atvinnulegum skilningi. En dugleg vorum við og fljót að tileinka okkur erlenda verkkunnáttu. Umbylting varð í atvinnuháttum sem sumir stjórnmálamenn óttuðust. Atkvæðin fluttu á mölina í gin nýrra og óþekktra áhrifavalda. Þegar þjóðir eru staddar á milli þekktrar fortíðar og óvissrar framtíðar, bregðast þær oft við með sterkri löngun til að hverfa aftur til liðinna tíma, eins og best kom fram í stefnu Jónasar frá Hriflu um nýbýlavæðingu sveitanna. Bændasamfélagið átti áfram að vera undirstaða þjóðlífsins.

Nú virðumst við aftur vera komin á sama pólitíska reit. Þeir tveir atvinnuvegir sem fæstum veita atvinnu og minnsta þróunarmöguleika eiga að bera uppi framtíðar atvinnuþróunina. Landbúnaðarstefnan tryggir stórum hluta bænda hörmungarkjör, enda er kindakjötsframleiðsla næst geitabúskap ein óhagkvæmasta atvinnugrein á heimsvísu. Óhagkvæmar atvinnugreinar geta aldrei leitt til skaplegra lífskjara. En vissulega er hefðbundinn landbúnaður afar þjóðlegur og því skal hlúa að honum.

**Oflátungsskapur og gorgeir**

Enduruppvakning þjóðernisdrambsins, sem nú er óspart sungið lof, er varhugaverðasti boðskapurinn sem ríkisstjórnin leggur að þjóðinni að tileinka sér. Ekkert er hættulegra farsælli þróun samfélaga en ofuráhersla á þjóðerni, trúarstefnur eða hugmyndafræði og hefur alltaf leitt til ógæfu. Það er ekki gæfulegt að þrengja sýn okkar til umhverfisins og framtíðarinnar.

Nesjamennska Heimssýnar er slæmt leiðarljós lítilli þjóð. Fyrir um öld síðan voru sambærileg átök milli fortíðar og framtíðar og nú, sem meðal annars kom fram í mótmælum bænda gegn símanum. Síminn þótti ekki þjóðlegt fyrirbæri. Við mærðum yfirburði víkingaeðlisins íslenska á upphafsárum núverandi aldar, með kunnum afleiðingum. Nú virðist holur oflátungsskapur og gorgeir aftur orðin þjóðleg einkenni. Seiður þjóðrembunnar er rammur afskekktri þjóð. Vonandi stendur þetta gjörningaveður stutt yfir í þetta sinn.

**➜ Við þurftum enga útlendinga til að kúga okkur. Það gerðu samlandar okkar. Frelsisboðskapurinn kom með sunnanvindinum yfir höfin.**

# Evrópusambandið og forseti lýðveldisins

UTANRÍKISMÁL



Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari

Við setningu Alþingis sagði forsetinn eðlilegt að Alþingi skyldi fyrir fjórum árum, þegar örlagaþrungin óvissa ríkti í efnahagslífi hins vestræna heims, sjá kosti í viðræðum við Evrópusambandið. Nú blasti annar veruleiki við. Enginn vissi hvernig sambandið kynni að þróast og evrusvæðið byggi við djúpa kreppu. Síðan segir:

„Þessi atburðarás, og reyndar líka viðræður mínar við fjölmarga evrópska áhrifamenn, hafa sannfært mig um að þrátt fyrir vinsamlegar yfirlýsingar sé í raun ekki ríkur áhugi hjá Evrópusambandinu á því að ljúka á næstu árum viðræðum við okkur. [...] Því er í senn ábyrgt og nauðsynlegt að deila þeirri sýn með þingi og þjóð að litlu kann að skipta hvort Ísland kýs að halda viðræðum áfram; mótaðilann virðist í reynd skorta getu eða vilja til að ljúka þeim á næstu árum.“

Þegar forsetinn segir mótaðilann virðast í reynd skorta getu eða vilja til að ljúka samningaviðræðunum á næstu árum hafa flestir skilið orð hans þannig að Evrópusambandið vildi ekki „taka við Íslandi“ – á næstu árum.

Í viðtali við RÚV 27. júní vegna Þýskalandsheimsóknar segist forsetinn aldrei hafa sagt „að Evrópusambandið vildi ekki taka við Íslandi“ og bætir við að óábyrgt sé af Íslandi að fara í viðræður við Evrópusambandið í einhverjum leikaraskap.

„Ég sagði í þingsetningarræðunni að það væri margt sem að benti til þess, og það væri mín ályktun eftir viðræður við marga og það hefur nú styrkst í þessari heimsókn, að af ýmsum ástæðum, sem að ég rakti í ræðu minni, að ekki væri unnt að ljúka viðræðum, nema að ljóst væri að verulegur stuðningur væri meðal Íslendinga fyrir aðild.“

Þessi skoðun kemur ekki fram í ræðunni heldur sú skoðun að í raun væri ekki ríkur áhugi hjá Evrópusambandinu á því að ljúka á næstu árum viðræðum við okkur.

**Alvörusamband**

Nú er það ályktun forsetans „að ekki væri unnt að ljúka viðræðum, nema ljóst væri að verulegur stuðningur væri meðal Íslendinga fyrir aðild“ – og forsetinn heldur áfram:

„Því það er á vissan hátt óábyrgt af okkur sem þjóð að fara í viðræður við alvörusamband eins og Evrópusambandið, svona í einhverjum leikaraskap, bara til þess að kanna nú, hvað við kannski fengjum út úr því. Slíkur leikaraskapur er bara ekki gjaldgengur í alvöru alþjóðlegum samskiptum, þó að það kannski passi á Íslandi í umræðunni þar. Við verðum að passa okkar orðspor sem þjóð og sem lýðveldi að þegar við sækjum um inngöngu í aðildarsamband eins og Evrópu þá meinum við það í alvöru.“

Í þingsetningarræðunni var það „í senn ábyrgt og nauðsynlegt að deila þeirri sýn með þingi og þjóð að litlu kann að skipta hvort Ísland kýs að halda viðræðum áfram“. Í viðtalinu við RÚV er það óábyrgt af okkur sem þjóð að fara í viðræður við alvörusamband eins og Evrópusambandið svona í einhverjum leikaraskap bara til þess að kanna nú hvað við kannski fengjum út úr því. Ísland – þar sem leikaraskapur passar í umræðunni innanlands – getur ekki boðið alvörusambandi eins og Evrópusambandinu að kanna hvað fengist kannski út úr samningaviðræðunum.

**➜ Enginn talaði um, að það væri á vissan hátt óábyrgt af Norðmönnum að fara í viðræður við alvörusamband eins og Evrópusambandið til þess að kanna hvað þeir fengju út úr samningunum**

**Samningar**

Þegar gengið er til samninga er verið að kanna hvað fæst út úr samningum. Norðmenn gengu til samninga við EB 1972 og lögðu samninginn fyrir þjóðina sem var felldur vegna þess að kjósendur töldu sig engu bættari. Hið sama gerðist 1993.

Norðmenn fóru ekki í viðræður við „alvörusamband“ í einhverjum leikaraskap heldur sem fullvalda þjóð til að kanna hvað fengist út úr samningnum. Enginn talaði um að það væri á vissan hátt óábyrgt af Norðmönnum að fara í viðræður við alvörusamband eins og Evrópusambandið til þess að kanna hvað þeir fengju út úr samningunum, allra síst þjóðhöfðingi Norðmanna sem lét aldrei hafa neitt eftir sér um afstöðu sína, enda þjóðhöfðingi allra Norðmanna, hvort heldur þeir voru með eða á móti aðild. Auk þess vissi hann að hann ræður ekki stefnu Norðmanna í stjórnmálum.

Forseti Íslands þarf að gera sér grein fyrir því að hann ræður ekki stefnu Íslands í stjórnmálum, heldur kjörnir fulltrúar – stjórnmálamenn – og forsetinn er ekki stjórnmálamaður. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er „forseti lýðveldisins ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum“ og „ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum“. En hann má ekki vera ábyrgðarlaus í tali.

# Ekki bara steypa

HEILBRIGÐISMÁL



Ólafur G. Skúlason
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Það vekur alltaf furðu mína þegar þeir sem mæla á móti byggingu nýs Landspítala nota rökin að steypa muni ekki leysa vanda spítalans. Ég get ekki tekið undir það og tel mikla þörf fyrir að bæta í steypumagnið á Landspítala.

Landspítalinn er það sjúkrahús sem sinnir öllum landsmönnum, líkt og nafnið gefur til kynna. Innan veggja sjúkrahússins starfa hátt á fimmta þúsund starfsmenn og yfir 100.000 sjúklingar nýta sér þjónustu spítalans ár hvert. Starfsemi spítalans er dreifð um allt höfuðborgarsvæðið og telja húsakynni hans tugi húsa. Flest þessara húsa eru börn síns tíma og þjóna á engan hátt þörfum þess heilbrigðiskerfis sem við búum við í dag.

Núverandi húsnæði spítalans þarfnast verulegs viðhalds og sífellt þarf að breyta húsnæðinu og bæta til að reyna að koma starfseminni fyrir. Tækninni hefur fleygt fram og ekki var gert ráð fyrir öllum þeim tækjum sem henni fylgja í núverandi húsnæði. Allir vita að spítalinn er í mikilli þörf fyrir ný tæki en hvar á að koma þessum tækjum fyrir? Húsnæðið er of lítið. Til að mynda eru allar geymslur stútfullar. Það veldur því að gangarnir eru oftar en ekki fullir af rúmum, tækjum eða sjúklingum. Það vantar nefnilega ekki bara pláss fyrir tæki og tól heldur líka sjúkrastofur. Spítalinn er sprunginn.

**Dýrast að gera ekki neitt**

Margur hefur notað þau rök gegn byggingu spítalans að huga þurfi að mannauðnum og ætla ég ekki að draga úr mikilvægi þess. Mannauðurinn er það sem virkilega þarf að hlúa að. Lág laun og mikið álag er að sliga starfsfólkið. Bæta þarf þessi atriði sem allra fyrst og er kjörið tækifæri til þess nú þegar kjarasamningar verða lausir á nýju ári. En vinnuumhverfi hefur líka mikið að segja. Í dag ætti vinnustaður með lekum gluggum og myglu í veggjum að heyra sögunni til. Það að sjúklingar þurfi að liggja á ganginum í allra augsýn, inni á setustofu eða inni á salerni ætti líka að tilheyra fortíðinni. Fjölbýli er einnig eitthvað sem ekki ætti að nota í dag með tilliti til sýkingavarna og smitsjúkdóma, svo ég tali nú ekki um vegna friðhelgi einkalífsins. Það að veita góða þjónustu hefur líka áhrif á líðan starfsfólks við vinnu sína. Að veita góða þjónustu eykur starfsánægju. Við þurfum nýtt sjúkrahús, bæði starfsfólksins og sjúklinganna vegna.

Ég fagna því að heilbrigðisráðherra hefur ekki blásið byggingu Landspítalans út af borðinu sbr. umræðu á alþingi þann 25. júní síðastliðinn. Landspítalinn er mikilvægur hlekkur í heilbrigðiskerfi okkar, ómissandi hlekkur. Ef Landspítalinn getur ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi lamast allt heilbrigðiskerfið.

Ég hef fullan skilning á því að nauðsynlegt sé að sýna aðhald í ríkisrekstri en útreikningar hafa sýnt að með byggingu nýs sjúkrahúss, og því að koma þjónustunni undir eitt þak, næst fram hagræðing sem fljótt borgar upp kostnað byggingarinnar. Spítalareksturinn er dýr, en hann er dýrari en hann þyrfti að vera eins og fyrirkomulagið er í dag. Stundum er nefnilega dýrast að gera ekki neitt.

**➜ Það vantar nefnilega ekki bara pláss fyrir tæki og tól heldur líka sjúkrastofur. Spítalinn er sprunginn.**

DEH-150



4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
**Verð: 19.900,- kr.**

DEH-1500



4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
**Verð: 22.900,- kr.**

DEH-4500



4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / iPod í gegnum USB / Bluetooth, mic fylgir / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
**Verð: 37.900,- kr.**

Pioneer HLJÓMTÆKI
HEIMSKLASSA HLJÓMFLUTNINGUR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
VERSLANIR UM LAND ALLT
www.ormsson.is

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Jákvæður júlí

## LANGUR LAUGARDAGUR
## 6. JÚLÍ

Mættu á **Markaðsdaga** í miðborginni og nýttu þér fjölbreytileg og spennandi tilboð. Þar eru yfir **300 verslanir** og **veitingahús**.

Laugavegur og Skólavörðustígur eru **Sumargötur** fram til 5. ágúst og lokaðar fyrir umferð bíla. Nýttu þér bílastæðahúsin og gakktu í bæinn.

Munið **jólapóstkassann** Laugavegi 8, jólasveinninn svarar öllum bréfum fyrir jól.

**Verum, verslum og njótum sumarblíðunnar þar sem hjartað slær.**

Miðborgin iðar bókstaflega af lífi og uppákomum á löngum laugardegi.

11:00–16:00
**Matarmarkaður** Lækjartorg
14:00
**White Signal** Hjartagarðurinn
**Geir Ólafsson** Laugavegur 77
14:00–16:00
**DJ Appy** Ingólfstorg
15:00
**Sirkúsatriði** Sumargötum við Klapparstíg
**Leiktæki** Laugavegur 77
16:00
**Sirkúsatriði** Laugavegur 77
**DJ Eyþór jr.** Hjartagarðurinn
**Geir Ólafsson** Hegningarhúsinu, Skólavörðustíg



WWW.MIDBORGIN.IS
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgar
MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

Brandenburg/Teikning: Sól Hrafnsdóttir



Okkar ástkæri

**RÓBERT ARNFINNSSON**
**leikari,**

lést á dvalarheimilinu Grund 1. júlí sl.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag vangefinna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Stella Guðmundsdóttir**
**Alma C. Róberts Þorlákur Hermannson**
**Linda Roberts Ólafur Þór Gunnarsson**
**Agla B. Roberts Stefán Rúnar Kristjánsson**
**afa-, langafa- og langalangafabörn.**



Elskuleg eiginkona mín,

**JÚLÍA PIJITRA AMPORN**
**Miðskógum 7,**
**Álftanesi,**

lést á krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 1. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju í dag, föstudaginn 5. júlí kl 15.00.

**Ásgeir Gíslason**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HARALDAR ÞÓRÐARSONAR**
**Eikjuvogi 11,**
**Reykjavík.**

**Kristján Þór Haraldsson Margrét Ólöf Björnsdóttir**
**Sigurbjörg Haraldsdóttir Jón Hannes Helgason**
**Þórlaug Haraldsdóttir-Hübl Michael Hübl**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BRYNJAR JÓNSSON**
**Skarðshlíð 30a,**
**Akureyri,**

lést 28. júní á dvalarheimilinu Hlíð.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 8. júlí klukkan 13.30.

**Steinunn Jónasdóttir**
**Jóhann Svan Brynjarsson**
**Fanný María Brynjarsdóttir Birgir Rúnar Davíðsson**
**afa- og langafabörn.**


WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN



Fjölbreytt úrval legsteina
Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88




**SIGURÐUR FLOSASON** Er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Metnaður í dagskrá djasshátíðar í Skógum

## Tónlistarhátíðin Jazz undir Fjöllum fagnar tíu ára afmæli í ár. Bo Hall er heiðursgestur.

Jazz undir Fjöllum, árleg djasshátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í tíunda sinn á morgun. Alls verða haldnir fernir tónleikar á hátíðinni í ár.

Sigurður Flosason, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, segir mikinn metnað lagðan í dagskrána í tilefni tíu ára afmælis hátíðarinnar. „Við verðum til dæmis með átján manna stórsveit og svo mun enginn annar en Björgvin Halldórsson koma fram. Hann hefur nú ekki stigið mikið inn á djasssviðið hingað til, en ég get staðfest að það fer honum mjög vel.“

Að sögn Sigurðar verður dagskráin mikið tileinkuð helstu stórsveitum swing-tímabilsins og má þar nefna Goodman, Ellington, Miller, Basie og Dorsey. „Ég get lofað því að þetta verður mjög létt og skemmtilegt. Það verða líka mjög mörg „grand“ atriði á dagskrá þetta árið og allir djassunnendur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara fram í félagsheimilinu Fossbúð laugardagskvöldið 6. júlí frá klukkan 21.00.

Í Skógakaffi verður boðið upp á líflega og fjölbreytta dagskrá laugardaginn 6. júlí frá klukkan 14 til 17. Þar koma fyrst fram Tenórarnir tveir; Stefán S. Stefánsson og Ólafur Jónsson ásamt hrynsveit klukkan 14.

Klukkan 15 leikur Swing sextett Stebba Ó og klukkan 16 kemur fram Bebop bræðralagið.

Áheyrendur geta komið og farið að vild í óformlegu tónleikahaldi í Skógakaffi á bilinu klukkan 14 til 17.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir þá sem eru á ferðalagi eða eru í sumarbústöðum í kring að kíkja við á tónleika sem og auðvitað alla íbúana þarna í sveitinni. Einnig hvetjum við fólk til þess að mæta á kvöldtónleikana sem byrja klukkan 21.00 á föstudaginn.“



**HÁTÍÐ** Jazz undir Fjöllum, árleg djasshátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í tíunda sinn laugardaginn 6. júlí.



Okkar innilegu þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu, kærleik og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**GUÐRÚNAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Hjallabraut 33,**
**Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki göngudeildar hjartabilunar Landspítalans, Heimahlynningu Landspítalans, Heimahjúkrun í Hafnarfirði og líknardeild í Kópavogi fyrir alla þá umhyggju, hlýju, alúð og nærgætni sem þau veittu henni og okkur.

**Ríkharður Kristjánsson**
**Sigurjón Ríkharðsson**
**Hjalti Ríkharðsson Magnhildur Erla Halldórsdóttir**
**Hildur Ríkharðsdóttir Bragi Þór Leifsson**
**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
**Jóhann Ríkharðsson Fríða Rut Baldursdóttir**
**Sigríður Ríkharðsdóttir Jón Gunnar Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,

**SIGURÐUR KARL ÁGÚSTSSON**
**Akurgerði 5, Vogum,**

lést sunnudaginn 30. júní. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra, s: 5619244.

**Linda Sjöfn Sigurðardóttir**
**Rut Sigurðardóttir**
**Ýr Kojetin Sigurðadóttir Herbert Kojetin**
**Rut Sigurðardóttir**
**Birna Ágústsdóttir Júlíus Sigmundsson**
**Guðlaugur Ágústsson Sigríður Ósk Pálmadóttir**
**Ævar Ágústsson Ragnheiður Júníusdóttir**
**Ína Björg Ágústsdóttir Haraldur Hansson**
**Magnús Ágústsson Reyn Rose Agustsson**
**Berglind Ágústsdóttir Hjálmar Hjálmarsson**
**barnabörn og aðrir ættingjar.**



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**GUÐRÚN HELGA ÁSMUNDSDÓTTIR**

varð bráðkvödd á heimili sínu 29. júní síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 9. júlí kl. 15.00.

**Silja Dagrún Júlíusdóttir**
**Tómas Andri Arnarsson**
**Ásmundur H. Vermundsson Kristbjörg R. Magnúsdóttir**
**Sunneva Árnadóttir Birnir Reyr Vignisson**
**Anton Rafn Ásmundsson**
**Grettir Örn Ásmundsson Jóna Björg Guðmundsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR**
**LALLÝ,**
**dvalarheimilinu Grund, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 20. júní á dvalarheimilinu Grund, Reykjavík. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 8. júlí kl. 15.00.

**Sigríður Bachmann Egilsdóttir**
**Ragna Bachmann Egilsdóttir Ólafur Ásberg Árnason**
**Einar Bachmann Egilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## HÁTÍÐ Á ÞINGEYRI

**Það verður margt um að vera á Þingeyri um helgina en þar fara fram Dýrafjarðardagar. Viðamikil dagskrá er í boði fyrir allan aldur. Meðal annars verður gengið í fyrramálið á söguslóðir Gísla Súrssonar í Haukadal undir leiðsögn Þóris Arnar Guðmundssonar.**









# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að ljúffengum kjúklingi með lime, kúmíni, chili, hvítlauk og óreganói. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## ÚTFLATTUR KJÚKLINGUR

### MEÐ LIME, KÚMÍNI, CHILI, HVÍTLAUK OG ÓREGANÓI

Fyrir fjóra

- 1 kjúklingur
- 2 msk. olía
- 1 chili-pipar, fræhreinsaður og smátt saxaður
- 2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 2 msk. óreganó, smátt saxað eða 1 msk. þurrkað
- 2 tsk. kúmínfræ
- salt og nýmalaður pipar
- 20 lime-bátar

*Leggið kjúklinginn á bringuna og klippið eða skerið hryggjarsúluna frá. Skerið síðan óskabeinið frá.*

*Fletjið fuglinn út og penslið með olíu. Kryddið fuglinn báðum megin með chili, hvítlauk, óreganói, kúmíni, salti, pipar og 10 lime-bátum. Leggið fuglinn í grillgrind og grillið á milliheitu grilli í 30-40 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C. Snúið fuglinum reglulega á meðan grillað er.*

*Berið fuglinn fram með restinni af lime-bátunum og til dæmis grilluðu grænmeti, kartöflum og góðu salati.*

**MEISTARINN** Flottur kjúklingaréttur á góðum sumardegi. MYNDIR/ARNÞÓR




STÓRÚTSALA

Vandaður þýskur og danskur fatnaður og skór fyrir konur á öllum aldri.

Stærðir 36-52

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi
- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



# TÓNLISTARHÁTÍÐ Á RAUÐASANDI

**ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ** *Hjörtur skipuleggur Rauðasand Festival þriðja árið í röð ásamt nokkrum vinum. Hátíðin fer fram um helgina og nóg verður um að vera. Uppselt var á hátíðina fyrir einum og hálfum mánuði.*

**HJÖRTUR MATTHÍAS** Einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. Hann ólst upp á Rauðasandi og hátíðin er haldin á landi systur hans. MYND/JONINA DE LA ROSA



Hjörtur Matthías Skúlason er einn af stofnendum og skipuleggjendum Rauðasand Festival sem haldið er á Melnesi á Rauðasandi um helgina. „Ástæðan fyrir því að ég vildi hafa festivalið á þessum stað er að ég ólst upp hérna og við fáum að nota landið hjá systur minni,“ segir Hjörtur. Hátíðin verður haldin í þriðja skiptið þetta árið. Uppselt er á hátíðina en alls voru 350 miðar í boði.

Fjöldi tónlistarmanna mun mæta og troða upp í gamalli hlöðu á svæðinu. „Þetta byrjaði allt þannig að okkur vinina langaði til að halda stórt partí fyrir alla vini okkar úti á landi en flestir vinir okkar eru miklir listamenn. Einhvern veginn varð hugmyndin stærri og stærri og að lokum langaði okkur að halda festival,“ segir Hjörtur.

Nóg er um að vera á daginn eins og til dæmis sandkastalakeppni og söguganga með Vilborgu Örnu pólfara. „Einn daginn ætlum við að byggja skúlptúr og í lok kvöldsins munum við kveikja í honum,“ segir Hjörtur sem er afar spenntur fyrir helginni og hefur verið á Vestfjörðum alla vikuna að gera allt tilbúið fyrir hátíðina.

Hjörtur segir að það sé mikilvægt að taka lopapeysuna og lopasokka með á útihátíðir sem þessa, enda geta íslenskar sumarnætur orðið ansi kaldar. Flestir Íslendingar ættu að eiga eitt eða tvö stykki af þessari hlýju þjóðargersemi hangandi uppi í skáp.

Í gærkvöldi byrjaði upphitun fyrir hátíðina með nokkrum plötusnúðum sem komu stuðinu í fólkið. Ágætis spá er fyrir næstu daga á Vestfjörðum en fólk er þó beðið um að gera ráð fyrir rigningu og roki þegar pakkað er í ferðatöskurnar. Skipulagning fyrir næstu hátíð mun hefjast strax í næstu viku. „Þá ætlum við að byrja á að gera samantekt og fara yfir það sem fór vel og hvað mætti gera betur,“ segir Hjörtur. Vinnan við að setja upp hátíð sem þessa er gríðarlega mikil en þar sem allir skipuleggjendurnir eru í vinnu þá verður að byrja snemma. Hjörtur er vöruhönnuður og starfar hjá Lumex.

*gunnhildur@365.is*



**RAUÐISANDUR** „Hugmyndin var fyrst að halda stórt partí fyrir alla vinina,“ segir Hjörtur.


SOHO MARKET

ÚTSALAN HAFIN

50–70 % afsláttur af öllum fatnaði

50 % afsláttur af öllu skarti

30 % afsláttur af klútum, töskum og öðrum fylgihlutum

10% afsláttur af standard bolum og toppum

SOHO MARKET Grensásvegur 8, sími 553 7300 mán-fim 12–18, fös 12–19, lau 12–17

SOHO/MARKET Á FACEBOOK




## GRILLAÐUR KJÚKLINGUR Í PÍTABRAUÐI MEÐ GRÆNMETI

Þetta er þægilegur og fljótlegur réttur sem einfalt er að gera á ferðalagi eða heima. Brauðið er hægt að kaupa tilbúið og hita á grillinu. Sósu má gera degi áður. Grænmetið er hægt að skera niður áður en haldið er af stað í sveitina. Uppskriftin miðast við fjóra.

600 g kjúklingabringa
1 msk. olía
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar
2 rauðar paprikur
2 gular paprikur
1 kúrbítur
2 laukar
olía
salt og pipar
4 pítabrauð
Poki með blönduðu salati

*Paprika, kúrbítur og laukur er skorið niður, penslað með olíu og bragðbætt með salti og pipar. Grillið í 10-15 mínútur. Kljúfið kjúklingabringurnar í tvennt, penslið með olíu og bragðbætið með salti og pipar. Grillið í tvær mínútur á hvorri hlið, lækkið hitann og grillið áfram í 2-3 mínútur.*

*Hitið pítabrauðin á grillinu og fyllið með fersku salati, grilluðu grænmeti og kjúklingabringunum. Fyrir þá sem vilja létta og bragðgóða sósu með er einfalt að laga hana úr grískri jógúrt sem bragðbætt er með smá sítrónusafa, hunangi, pressuðum hvítlauk, dijonsinnepi, salti og pipar.*

# Lífið

FÖSTUDAGUR
5. JÚLÍ 2013



Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir
BÆTIR LÍFSGÆÐI OG HEILSU FÓLKS MEÐ LÍFRÆNUM JURTUM 2

Hera Sigurðardóttir
BÝR TIL ORIGAMI ÚR GÖMLUM LANDAKORTUM Í FLATEY 6

Angantýr Einarsson skrifstofustjóri
BÝÐUR UPP Á ÍTALSKA UPPSKRIFT UM HELGINA 10

*Nína Björk Gunnarsdóttir*

# Lærði á lífið í Lúxemborg

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Tuborg fagnaði nýjum umbúðum á Tuborg bjórflöskum með mikilli gleði á Listasafni Reykjavíkur um síðustu helgi. Fögnuðurinn þótti heppnast vel með flottum tónlistarmönnum en Daníel Ágúst, Högni og DJ Margeir héldu uppi



stuðinu ásamt hljómsveitunum Sísý Ey og Skálmöld. Að sjálfsögðu voru þekkt andlit á svæðinu en **Ellen Kristjáns** stóð álengdar og fylgdist stolt með dætrum sínum á sviðinu. Fyrirsætan



**Kolfinna Kristjáns** lét einnig sjá sig þegar líða fór á kvöldið og **Magnús Jónsson** leikari var með flottum hóp af fólki.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Elly Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Einar Egilsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

Hár og makeup Þórunn Hulda Vigfúsdóttir

# FÓLK BÆTT HEILSA MEÐ JURTUM

*Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir kennir jurtatínslu og bætir lífsgæði og heilsu fólks með lífrænum jurtum*

Ég er búin að praktísera frá árinu 2005 og hef haldið fyrirlestra og námskeið til að fræða fólk um lækningajurtir og jafnvel búa til smyrsl. Ég geri þetta allan ársins hring og ég hef tekið eftir því að það er mikil vitundarvakning á þessu sviði þar sem margir sýna náttúrunni meiri áhuga og vilja nýta auðlindirnar okkar,“ segir Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir.

Ásdís Ragna Einarsdóttir útskrifaðist úr University of East London í Bretlandi árið 2005 með BS-próf í grasalækningum og er ein þriggja menntaðra grasalækna á landinu. Síðan þá hefur hún sinnt ráðgjöf og leiðbeint fólki við að bæta heilsuna með lífrænum jurtum. Ásdís Ragna bendir á að nútíma grasalækningar eru tengdar heilbrigðissviðinu en unnið er einna helst með að koma jafnvægi á líkamann og andlega líðan með jurtum og góðu mataræði. Mun færri karlmenn leita til grasalækna en konur hafa verið duglegar að nýta sér grasalækningameðferðir til þess að koma á hormónajafnvægi og til þess að draga úr ýmsum einkennum eins og svefnleysi, mígreni og orkuleysi. Jafnframt hafa mörg pör nýtt sér frjósemisaukandi jurtir og viðbótarmeðferðir við ófrjósemi. „Markmiðið hjá mér er að útskrifa skjólstæðingana þannig að þeir nái ákveðnum bata og því þarf fólk að vilja vinna með lífsstílinn sinn. Ég einbeiti mér að mataræði því það er svo mikil virkni í matnum sjálfum og svo vinn ég með einkenni hvers og eins svo jurtirnar nái að vinna sitt verk,“ segir Ásdís Ragna. Hún hefur einnig boðið upp á jurtatínslunámskeið snemma á sumrin til að kenna almenningi að tína og nýta íslenskar jurtir. Hún segir að mikilvægt sé að vita hvað maður ætlar að tína og nota flórubók til að þekkja jurtirnar í sundur.



## RÁÐ ÁSDÍSAR UM JURTATÍNSLU

- Aðrar jurtir sem gott er að eiga við höndina eru t.d. gulmaðra, brenninetla, ætihvönn og túnfífilsblöð. Sjálf nota ég töluvert af ferskum haugarfa í salat og „boost“ en arfinn er næringarrík og safarík jurt og bragðlítil. Bæði er hægt að setja jurtirnar út í „boost“ með ávöxtum og grænmeti eða pressa í safapressu ef vill.
- Tína í björtu veðri og helst ekki í vætu, tína fjarri umferð og mengun og þar sem mikið vex af jurtinni. Algengar jurtir í kringum okkur eru t.d. birki, sem gott er að tína núna og þurrka til að eiga sem vökvalosandi te.
- Blóðbergið er alltaf gott að eiga hvort sem er á lambalærið, til að búa til hóstasíróp eða sem te. Kröftug jurt sem gagnast sýkingum í öndunarfærum og eflir ónæmiskerfið.
- Ánægjulegt og gefandi er að tína jurtir og heilsubætandi að verja tíma úti í náttúrunni og njóta kyrrðarinnar.
- Vallhumall er frábær jurt sem hægt er að tína frá og með miðjum júlí en vallhumall er góður til að styrkja hjarta- og æðakerfi og er krampastillandi. Tína skal um leið og jurtin byrjar að blómstra og þurrka í te.




# HEILSA HEILSAN Á RÉTTU SPORI

*Leyfðu þér óhollustu með góðri samvisku í sumar*

„Haltu þig við hollustuna sem þú þekkir og hreyfðu þig því í þau skipti sem þú vilt leyfa þér óhollustu. Þá geturðu notið þess með góðri samvisku,“ segir Róbert Traustason, þjálfari og rekstrarstjóri Boot Camp.

Sumarið er því miður oft sá tími sem sumir láta árangur vetursins fara forgörðum. Sumarbústaðaferðir, grillveislur og fleira valda því oft að fólk missir sig gjörsamlega í sukkið. Það er þó hægt að gera ýmislegt til að takmarka þann skaða með því meðal annars að halda sínu striki er kemur að æfingum og hollustu almennt.

- Taktu góða styrktaræfingu áður en þú ferð í óhollustuna. Líkaminn getur þá nýtt hluta af þeim hitaeiningum sem hann fær í vöðvauppbyggingu og að fylla á orkubirgðirnar í stað þess að umbreyta þeim í fitu. Þú getur tekið æfinguna heima fyrir ef það hentar betur og nýtt þér æfingar eins og armbeygjur, framstig og upphífingar til þess.
- Veldu eina tegund óhollustu í hvert sinn. Ef þú velur að fá þér ís þá borðar þú fyrst góðan og hollan kvöldverð áður en þú færð þér ísinn. Ekki fá þér fyrst djúpsteiktan mat, gos með því, svo ísinn, loks nammi, snakk og áfengi að lokum. Veldu þér frekar eitthvað eitt og njóttu þess með góðri samvisku og líkami þinn mun þakka þér fyrir það daginn eftir.
- Ef það er afgangur af því sem þú keyptir, hentu því þá strax áður en þú ferð að sofa. Ef þú hefur fengið nóg í bili þá er líkami þinn að senda þér skilaboð og þú ættir að hlusta á hann með því að losa þig við restina. Annars bíður þín ekkert nema vanlíðan eða freisting næsta dag sem erfitt er að standast.
- Daginn eftir óhollustuna er um að gera að drekka vel af vatni og hreyfa sig aðeins, hleypa því versta út með svitanum. Það er engin þörf á að misþyrma sér eða „refsa sér“ heldur fara á æfingu með því hugarfari að þér líði betur eftir hana. Það hindrar þig líka í að taka annan sukkdag beint í kjölfarið.




„Hlustaðu á líkama þinn,“ segir Róbert Traustason, þjálfari og rekstrarstjóri Boot Camp.


TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
NIKE FREE
19.990
BROOKS
ZOOT
LOUIS
GARNOU
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00




# NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

## TÍSKUHEIMURINN ER MITT ÁHUGAMÁL

***Nína Björk Gunnarsdóttir lifir og hrærist í tískuheiminum en hún byrjaði ung að sitja fyrir sem módel en færði sig síðan bak við myndavélina. Undanfarin ár hefur hún verið að stílisera og ljósmynda ásamt því að sinna móðurhlutverkinu. Nýverið flutti hún til Íslands eftir búsetu í Lúxemborg þar sem lífið var heldur íburðarmeira. Lífið ræddi við Nínu Björk um ljósmyndunina, nýtt upphaf og framtíðardrauma á Íslandi.***

***Velkomin heim! Nú ertu flutt aftur til Íslands frá Lúxemborg, hvernig er tilfinningin að vera komin heim?*** „Það er rosalega góð tilfinning. Ísland er land mitt og hérna vil ég festa rætur næstu árin. Ég gat ekki verið mínútu lengur úti. Ég var komin með mikla heimþrá og svo eru miklu fleiri tækifæri fyrir konur hér heima. Konur á Íslandi eru miklu sjálfstæðari. Svo er það bara lífið að vera í kringum sína nánustu.“

***Hvað kom til að þið flytjið heim núna?*** „Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Okkur fannst þetta rétti tíminn núna þar sem sonur minn, sem er að byrja í gagnfræðaskóla, vildi vera unglingur á Íslandi. Ég er að fara í meira ljósmyndanám, kærastinn fékk vinnu á Íslandi og dóttirin er komin með leikskólapláss, þannig að allir eru með sitt. Það er eiginlega ótrúlegt hvað allt gengur vel með heimflutninginn. Ég fann meira að segja íbúð á tveimur dögum.“

### *Mikið snobb í Lúxemborg*

***Hvað bjóstu lengi í Lúxemborg?*** „Ég bjó úti í fjögur ár. Þetta hefur verið lærdómsríkur tími og ég fékk ýmis tækifæri í ljósmynduninni. Ég eignaðist frábærar vinkonur og ég kynntist sjálfri mér einnig upp á nýtt. Börnin hafa fengið heilan helling út úr þessu þannig að ég er bara þakklát fyrir þennan tíma með börnunum mínum. Ég fæddi Emblu dóttur mína í Lúxemborg, sem var stærsta gjöfin mín. Egill stóð sig vel í skólanum og átti góð tímabil í fótboltanum. Það er líka nauðsynlegt að komast í burtu frá Íslandi, þá kann maður að meta litlu hlutina svo miklu betur.“

***Geturðu nefnt helstu kosti og ókosti við borgina?*** „Lúxemborg er æðislega staðsett og því er svo auðvelt að ferðast annað þaðan frá. Þar er frábært heilbrigðiskerfi. Hugsunarhátturinn er frekar gamaldags og svo er ansi mikið snobb í gangi. Þarna ganga þrettán ára stelpur um með Louis Vuitton-töskur enda má ekki minna vera. Mig langar ekki til að ala upp börnin mín í svoleiðis umhverfi. Maður lærir ekki á lífið nema maður vinni fyrir hlutunum. Það þykir eðlilegt að konur séu heimavinnandi en ég er svo mikið fiðrildi og þarf því að vinna og skapa.“

### *Heima er best*

***Fékkstu stundum heimþrá? Hvers saknaðirðu þá einna helst?*** „Ég saknaði fjölskyldu og vina, og þess hvað allt er þægilegt á Íslandi. Það er svo stutt í allt og svo er menningin heima aðlaðandi. Mér finnst Íslendingar upp til hópa ofboðslega skemmtilegt fólk. Það getur verið að ég fái örlítið menningarsjokk þegar ég kem til baka en ég hræðist ekkert nema myrkrið á veturna.“

***Þú hefur búið erlendis áður, er það ekki?*** „Jú, ég bjó í Kaupmannahöfn þar sem ég var í ljósmyndanámi. Svo starfaði ég sem fyrirsæta í London, París, Mílanó og á Grikklandi.“

***Hvernig var að vera með tvö börn í stórborg?*** „Þetta var frábært tækifæri fyrir þau til að læra meiri aga og önnur tungumál og það verður þeim gott veganesti út í lífið. Hins vegar er frelsið heima svo gott fyrir íslensk börn.“

### *Ræktar tengslanetið*

***Hvernig var það að vinna sem ljósmyndari/stílisti í Lúxemborg?*** „Ég tók að mér ýmis áhugaverð verkefni og tók myndir af öllum flottustu tískumerkjunum í heimi fyrir Friden í Lúxemborg,



### *Uppáhalds*

**MATUR** Sushi og indverskur matur.

**DRYKKUR** Vatn og gott rauðvín.

**VEITINGAHÚS** Aka, Lúxemborg.

**VEFSÍÐA** ninabjork.is

**VERSLUN** Topshop London, Maje.

**HÖNNUÐUR** Margir flottir, erfitt að gera upp á milli.

**HREYFING** Ganga og dansa og fara í ræktina.

**DEKUR** Baðstofan í Laugum.

NN cosmetics
júlítilboð NN Cosmetics
Þekjandi gloss




Útsölustaðir NN Cosmetics:

Abaco - Akureyri, Dekurstofan Dagný - Ísafirði, Erla Maren Gísladóttir - Patreksfirði, Hildur Magg - Dalvík, Klip-Art - Hólagarði, Líkami og sál - Mosfellsbæ, Makeover - Hafnarfirði, María Erna Jóhannsdóttir - Vestmannaeyjum, Snyrtistofan Pandora - Mjódd, Reykjavík Spa - Hótel Grand, Systrasel - Háaleitisbraut, Snyrtistofan Táin - Sauðárkróki

NN Cosmetics - studio
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi, opið: þriðjudaga 12 - 16 og fimmtudaga 12 - 18
noname.is - facebook.com/nncosmeticsiceland - sala@noname.is - s. 694-5275 /662-3121

> *Það getur verið að ég fái örlítið menningarsjokk þegar ég kem til baka en ég hræðist ekkert nema myrkrið á veturna.*

vann fyrir Gia in Style og fleiri. Eitt sinn myndaði kjól sem kostaði yfir 4.000 evrur, ég var eiginlega að fara á taugum. Það er þó mun erfiðara að komast að úti í Lúxemborg og fá verkefni. Tengslanetið á Íslandi er auðvitað stórkostlegt.“

***Hvern hefur verið mest gefandi að mynda frá því þú byrjaðir að ljósmynda?*** „Ég er búin að mynda svo margt stórkostlegt fólk í gegnum tíðina. Það hafa allir sinn sjarma og eftir verkefni geta myndast góð tengsl á milli fólks. Flestir eru gefandi en bara á mismunandi hátt.“

***Þú hefur nú verið að vinna við önnur verkefni en að ljósmynda, eins og að senda Íslendingum föt frá H&M gegn greiðslu. Hvernig kom það til?*** „Íslendingar eru auðvitað afar hrifnir af H&M og versla mikið þar þegar þeir fara til útlanda. Mér fannst þetta sniðug hugmynd og gerði þó nokkuð af þessu. Mér finnst alls ekki leiðinlegt að versla því ég lifi og hrærist í tískuheiminum sem er líka mitt áhugamál.“

### *Framtíðin á Íslandi*

***Eru spennandi tímar fram undan? Hvað er á döfinni hjá þér?*** „Það eru mjög spennandi tímar fram undan. Ég ætla að fara á fullt í ljósmyndunina og er með margar hugmyndir sem ég ætla að skapa. Þess vegna ætla ég að klára ljósmyndanámið frá Tækniskólanum. Eftir það er draumurinn að opna stofu eða stúdíó. Ég er búin að vera í fjarnámi í Tækniskólanum en á eins árs sérnám eftir núna.“

***Lumar þú á einhverjum tískuráðum?*** „Maður á að klæðast því sem manni líður vel í. Það skapar sjálfsöryggi. Fallegir skór, skartgripir, töskur og hattar finnst mér setja punktinn yfir i-ið. Konur þurfa að passa sig að klæðast ekki of flegnu því þá getur maður misst þokkann. Frekar að leyfa huganum að nota ímyndunaraflið, það finnst mér þokkafullt.“

***Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu?*** „Eins gott að ég særi engan, en það eru án efa allar konur sem ég umgengst í mínu lífi. Ég er svo lánsöm að eiga frábærar systur og vinkonur sem ég gæti aldrei lifað án. Svo finnst mér gaman að hlæja með mömmu minni. Við erum með sama húmor sem ekki allir ná.“

## *Myndaalbúmið*



• Nína Björk myndar fyrir fatahönnuð • Tískuþáttur fyrir Gia In Style • Systurnar Tinna Dögg, Nína Björk og Elma Lísa • Börnin Egill og Embla saman









Origami-fuglar úr gömlum landakortum.







Hera Sigurðardóttir selur origami-óróana í Bryggjubúðinni í Flatey.

# ORIGAMI-LIST Í FLATEY

***Hera Sigurðardóttir föndrar óróa úr gömlum landakortum í Flatey***

Hera Sigurðardóttir fékk þá skemmtilegu hugmynd að föndra trönur úr pappír, eða origami eins og sú japanska list kallast, og selja í Bryggjubúðinni í Flatey. Fuglarnir hafa fengið óskipta athygli í nýlendubúðinni sem hefur aðsetur sitt í frystihúsinu, alveg við bryggjuna.

„Þetta er ótrúlega falleg japönsk pæling og margt svo heillandi við formin. Þú býrð bara til ýmsar fígúrur úr þeim pappír sem þú hefur. Þetta er pappírsbrot þar sem þú þarft ekki að klippa, líma eða rífa," segir Hera Sigurðardóttir.

Nýlega var frystihúsið tekið í gegn og fundust þá gömul landakort úr gamla grunnskólanum sem eigandi Bryggjubúðarinnar, Lísa Kristjánsdóttir, færði Heru til að föndra úr. Kortin af hinum ýmsu landshlutum Íslands fengu þannig nýtt líf sem fallegir trönuóróar.

Origami-fuglinn er álitinn friðartákn í Japan en sagan á bak við listina er ævagömul. Japanska þjóðsagan segir að geri maður eitt þúsund trönur verði sá hinn sami mikillar gæfu aðnjótandi og fái óskir sínar uppfylltar.

„Svo er svo mikill friður og ró sem tengist þessu, bæði sagan á bak við listina og þegar maður er sjálfur að föndra þetta. Þetta er svona ákveðin heilun að sitja við og föndra þetta, bæði athöfnin að gera þetta og í kjölfarið að gleðja aðra," segir Hera Sigurðardóttir.

medico.is

OLAY

OUR ORIGINAL BB cream ANTI-AGEING



NÝTT! BB KREM

1. Jafnar húðlit 2. Gefur raka & ljóma 3. Minnkar svitaholur

Olay er á meðal stærstu húðkremaframleiðenda í heimi og eru fremstir á sviði þróunar á virkum andlitskremum í samanburði við önnur dýrari krem.

**Sölustaðir:** Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli. **Hagkaup:** Kringlunni, Skeifunni & Smáralind. **Lyf og Hellsa:** Austurveri, Eiðistorgi, Hringbraut, Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Lyfjaborg, Nana Hólagarði & Urðarapótek. **Landið: Lyf & Heilsa:** Glerártorgi, Hveragerði og Vestmannaeyjum. KS Sauðarkróki.

# BURBERRY ILMBLÆR SUMARSINS

***Mjúkur, ferskur og kvenlegur ilmur áberandi í sumar***

Fuglasöngur, nýslegið gras, sólskin, blómaangan og hreinn þvottur á snúru tengjum við sumrinu. Sumarið er jafnframt tíminn þar sem ferskleikinn er í fyrirrúmi og borgin ilmar af heillandi ilmvötnum. Burberry kynnir nýjan, ferskan og orkumikinn ilm á markaðinn, Buberry Summer. Ilmurinn þykir einstaklega ferskur og spennandi og er fáanlegur bæði fyrir konur og karla.





Burberry Summer kvenilmurinn ber vott af rósum og liljum með undirtóni af White musk.





Burberry Summer herrailmurinn ber vott af viðartóni og er ferskur og mjúkur.

# Purity Herbs
ORGANICS




PRODUIT NATUREL · NÁTTÚRULEG FRAMLEIÐSLA · NATURAL PRODUCT ·
100%

*Comment af Facebook.*

*"Þetta serum er algert æði. Hef aldrei verið betri í húðinni en eftir að ég fór að nota þetta"*

*Inga Dóra Halldórsdóttir*

*"Nota Serum reglulega og svo undurgóðu kremin Undur berjanna og Undur rósanna til skiptis. Þau eru svo undurgóð fyrir mína þurru húð:)"*

*Ásta Egilsdóttir*



*Þú færð vörurnar frá Purity Herbs*
*í apótekum, Lyfju, Lyf og Heilsu,*
*Heilsuhúsunum,*
*Blómaval, Lifandi Markaði,*
*Fræinu Fjarðarkaupum,*
*K.S. Varmahlíð, og ýmsum ferðamannastöðum*

***Purity Herbs Andlits-Serum*:**
100% náttúrulegt, djúpnærir húðina og gefur hraustlegt útlit.
Fyrir líflausa og þurra húð, hentar öllum aldurshópum.

***Notkun:***
Berið Húðdropana (Serumið) á allt andlitið einnig í kringum augu og á háls, notist á kvöldin fyrir svefn.

***Virkustu jurtir:***
*Þrílit Fjóla • Augnfró • Hjartaarfi • Hafþyrnir • Avocadoolía • Sítróna • Rósviður.*


*Purity Herbs Organics*
*Freyjunesi 4 603 Akureyri*
*462 3028*
*www.purityherbs.is www.facebook.com/purityherbs*



## Erla Tryggvadóttir

**ALDUR:** 34 ára.
**STARF:** Viðskiptastjóri hjá auglýsingastofunni Brandenburg.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Ég faðmaði kærastann minn áður en hann hélt af stað á æskustöðvarnar í Stykkishólmi.

**En kysstir?** Ég smellti kossi á kærastann við sama tilefni – hann á nú alltaf skilið að fá koss þessi elska.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Vinnufélagarnir koma mér alltaf skemmtilega á óvart, sérstaklega vegna þess hvað þeir eru alltaf sjúklega fyndnir og skemmtilegir. (Hæ, Brandenburg!)

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Ég á það til að vera óstundvís, því miður! En ég held og vona að með árunum hafi mér tekist að bæta mig. (Hæ, Helga!)

**Ertu hörundsár?** Ég átti það til þegar ég var yngri, og jafnvel langrækni! En eitt af því besta við að eldast er þroskinn og að ná að lyfta sér yfir hluti sem skipta engu máli, svona þegar allt kemur til alls.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Algjörlega! Og syng hástöfum þegar þannig liggur á mér. (Hæ, Finnur!)

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Ég geri mig reglulega að fífli og hef gaman af því! Ég reyni að taka sjálfa mig ekki of hátíðlega.

**Hringirðu stundum í vælubilinn?** Já, oft! Ég er með hann á speed-dial.

**Tekurðu strætó?** Ég geri það ekki, því miður.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Alltof miklum! Ég þori bara alls ekki að taka saman hversu miklum tíma. Úff.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Nei, ég fer alls ekki hjá mér. Ég knúsa þá sem ég þekki; sama hvort þeir eru frægir eða ekki.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Tja, ég get enn farið í splitt og spíkat. Vissuð þið það?

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Hitta leiðinlegt fólk og láta mér leiðast, bara alls ekki. Ég stefni á að hitta skemmtilegt fólk og njóta alls þess besta sem íslenskt sumar býður upp á. Er það ekki nokkuð skothelt plan?

## HELGARMATURINN EGGALDIN MEÐ MOZZARELLA OG PARMESAN

*Angantýr Einarsson*

*skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins er mikill áhugamaður um mat og eldamennsku og deilir hér uppskrift þar sem öllum helstu ítölsku hráefnunum er blandað saman svo úr verður sérlega bragðgóður og þjóðlegur ítalskur réttur.*



**5 tómatar**
**1 lítill laukur**
**2 hvítlauksgeirar**
**100 ml rauðvín**
**Grænmetiskraftur**
**Salt og pipar**
**Óreganó-þurrkrydd**
**1 meðalstórt eggaldin**
**1 stór kúla mozzarella-ostur**
**Fersk basilikulauf (hálf askja)**
**Rifinn parmesanostur (u.þ.b. hálfur)**
**Tómatsósa**

Saxið lauk og hvítlauk og léttsteikið á pönnu. Skerið tómatana í litla bita og bætið út í, ásamt rauðvíni, grænmetiskrafti og matskeið af óreganói. Saltið og piprið eftir eigin bragðlaukum. Látið malla í um 5 mínútur og hellið í eldfast mót. Skerið eggaldin í 0,5 til 1 cm þykkar sneiðar og steikið upp úr ólífuolíu í um hálfa mínútu á hvorri hlið. Leyfið aldininu að draga í sig olíuna. Saltið og piprið (ekki nauðsynlegt). Leggið sneiðarnar ofan á tómatsósuna.

**Ostar og basilika.** Skerið mozzarellaostinn í þunnar sneiðar og leggið ofan á eggaldinið. Stráið parmesanostinum yfir og bakið í 200 gráðu heitum ofni þar til osturinn er orðinn fallega brúnn. Saxið basilikulauf og stráið yfir eftir að rétturinn hefur verið tekinn úr ofninum. Berið fram með fallegu salati.



## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



OPEL Astra gtc opc. Árgerð 2006, ekinn 77 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.870.000. tilboð 1.570.000 kr Rnr.230217.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



HYMER Future 430. Árgerð 2002, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.124038.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2006, ekinn 136 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.450.000. Rnr.123876.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**SUZUKI**



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**Bílalíf**



**100 % LÁN MÖGULEGT**

HONDA CB 900 F.Árgerð 2007,ekinn aðeins 9.þ km,6 gírar,er á staðnum. Verð 990.000.Rnr.103546.S:562-1717.



BMW 520. Árg.'04, ek.119.þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, topplúga ofl, er á staðnum, lítur sérlega vel út. Verð 2.490.000. Rnr.125625.



**BLÆJU MUSTANG V8**

FORD MUSTANG GT 4.6 V8. Árg.'06, ek.aðeins 48.þ km, sjálfskiptur, xenon ljós, leður ofl,hrikalega flottur bíll, er á staðnum. Verð 3.890.000. Rnr.201096.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



MERCEDES BENZ Ml 350. Árgerð 2006, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.100074. Verð nú kr: 3.590.000,- Mjög flott eintak.



KIA Sorento ex classic 2.2. Árgerð 2011, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.990423. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ A 150. Árgerð 2005, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.140611. Verð nú kr: 1.490.000,- Mjög fllott eintak.



KIA Picanto lx. Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.160624. Verð nú kr: 1.590.000,- 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



MM Pajero Instyle Dísel Árgerð 2007, ekinn 99þ.km, ssk, leður o.m.fl.. Flott eintak sem er á staðnum. Verð 4.890.000kr. Raðnúmer 154938. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**HEIMSBÍLAR**



FORD F250 ext 4x4. Árgerð 2002, ekinn 119 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. loftpúðar. húsið er árg 2006 Verð 2.950.000. sjá fleiri myndir á Rnr.321521. inn á bilasolur.is eða uppl. í s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Skoda Oktavia 2003 ekinn 256.00 km. Sjálfskiptur með dráttarkúlu og nýskoðaður. Verð: 450.000. Uppl: í síma 897 9908



Kia Sorento EX -3,5 luxory. Bensín, árg.'06 ekinn 90þús.km. Upptekinn mótor frá Öskju. VERÐ 1.7Þús. Sími: 777 4314



**FLOTTUR FERÐABÍLL**

Mitsubishi Outlander 4WD árg. 2003, ekinn 135 þ, sjálfskiptur, dráttarbeisli, hiti í sætum, rafmagn í rúðum og samlæsing. Nýsk. 2013. Nýjir bremsudiskar. Toppeintak. Verð 950 þúsund. S: 824 3182.



**4X4 SSK JEPPLINGUR 340 ÞÚS.**

MMC PAJERO PININ 4x4 2002 ek.170 þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoðaður 2014, 5 dyra, þús ásett verð 690 þús á bilasölu TILBOÐ 380 ÞÚS s.841 8955



Til sölu vegna brottflutnings Volvo V40 sjálfsk.16 ventla árg. 2004 ek. 170 þ. Bílalán getur fylgt. Verð 1.090.000. kr. Uppl. í síma 863-1259

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 320 ÞÚS**

Mitsubishi Galant 2.0 árg'99 ek.186 þús. beinskiptur, cruizcontrol, cd, álfelgur ofl. ný skoðaður 14 TILBOÐSVERÐ 320 ÞÚS s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



**HUSABERG FE450**

Tilboð 390þús eða 13.700 pr mán VISA/EURO. Topphjól, Ekið aðeins 53 klst. Uppl í síma 660-7010.

## Vespur



Rafvespur með Þjófavörn. 139.000 kr. Tilbúnar til afgreiðslu. Sími 896 0698.



**RAFMAGNS-VESPUR**
**VERÐ 88.800**
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Reiðhjól

Fullkomið verkstæði fyrir allar tegundir reiðhjóla
-Stuttur biðtími-
TRI
www.TRI.IS
Suðurlandsbraut 32
Sími 571-8111
eða 571-8100

## Fellihýsi



Til sölu Viking Epic 1706 árgerð 1999. Mjög vel með farið, Fortjald,miðstöð,gasskynjari,eldavél. Uppsett og til sýnis um helgina.Verð 530.000. Uppl í síma 8979908

**Tjaldvagnar**
**Fellihýsi**
**Hjólhýsi**
**Húsbílar**
Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi
Korputorg I 112 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is
**Útilegu maðurinn**

## Tjaldvagnar



**ÉG Á LÍF, ENN SEM NÝR!**

Tjaldvag til sölu. Ásett verð 300.000. Tilboð óskast. Staðgr. Upplýs.: 553 9181, 861 1271.



Camplet Concorde árg 2006 til sölu. Kassi á beisli, motta í fortjaldi og yfirbreiðsla. verð 650.000. Uppl 845 9488.

## Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!
Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir
Kraftmiklir
Sparneytnir
2,5-140 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## skemmtanir

Boltinn í beinni

# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**
**"Best geymda leyndarmál Kópavogs"**



**Hljómsveitin Upplyfting spilar í kvöld**

**Allir velkomnir**

http://www.facebook.com/cafecatalina
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu**





**Umboðsaðilar:**
Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Margir fara aftur og aftur á fiskveiðar án þess að átta sig á því að það er ekki fiskurinn sem þeir eru á höttunum eftir.“

*Henry David Thoreau*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** getraun, **6.** frá, **8.** lærir, **9.** sarg, **11.** vörumerki, **12.** upptaksveður, **14.** land í Asíu, **16.** í röð, **17.** pfn., **18.** til viðbótar, **20.** tveir eins, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** höfuð, **3.** fisk, **4.** mataráhald, **5.** suss, **7.** hraustur, **10.** kvk nafn, **13.** maðk, **15.** sóða, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gátu, **6.** af, **8.** les, **9.** urg, **11.** ss, **12.** særok, **14.** kórea, **16.** hí, **17.** mig, **18.** enn, **20.** öð, **21.** snúa. **LÓÐRÉTT: 1.** haus, **3.** ál, **4.** teskeið, **5.** uss, **7.** frækinn, **10.** gró, **13.** orm, **15.** agða, **16.** hes, **19.** nú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þessi staða kom upp í skák Aaron og Gligoric í Hastings 1962. Svartur er peði yfir en finnur laglegan leik sem gerir út um skákina.**
**Svartur á leik**



1...Hh4! 2. Dg2 Dxg2 3. Hxg2 Hh1+ sem vinnur mann. Í gær hófst FIDE Grand Prix-mót í Peking í Kína. Meðal keppenda þar eru Karjakin, Topalov og Gelfand.

**www.skak.is** Héðinn og Guðmundur tefla í Benasque á Spáni.

netto
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda til 30. júlí**

# FATNAÐUR Á SUMARLEGU VERÐI



-25%
**Tunika dömu**
1.499 kr
~~áður 1.998~~

-36%
**Stretch-buxur**
3.199 kr
~~áður 4.998~~

-40%
**Hettupeysa**
2.399 kr
~~áður 3.998~~
**Yogabuxur**
2.099 krónur
~~áður 3.498~~



**Hlýrabolir**
í sumarlitum
Verð frá
999 kr/stk
~~áður 1.299~~

# SUMARSKÓR 1998 KR PARIÐ
## STÆRÐIR 25-35






-50%
**Nærbuxur**
á börn og fullorðna
999 kr/pk
~~áður 1.998~~



# Óður til leiksins og forvitninnar

Myndlistarkonan Sara Riel opnar sýninguna Memento Mori í Listasafni Íslands í dag. Innblástur sýningarinnar sækir hún í náttúrugripasöfn, sem hún hefur rannsakað undanfarin þrjú ár og unnið verk í ýmsum miðlum út frá flokkunarkerfi náttúruvísindanna.

„Það má segja að náttúrugripasafnið sé brunnur til að sækja myndefni í,“ segir myndlistarkonan Sara Riel um sýningu sína, Memento Mori, sem opnuð verður í Listasafni Íslands í kvöld.

Á sýningunni sýnir Sara ólík verk af ýmsum gerðum, – prentverk, silkiþrykk, vídeóverk, ljósmyndir, klippiverk, skúlptúra, málverk – sem eiga það þó sameiginlegt að vera unnin út frá flokkunarfræðum náttúrunnar. Sýningin á sér þriggja ára aðdraganda, allt frá því þegar Sara fór að rýna í hvers konar myndlist fólk hefði á veggjum hjá sér og tók eftir að náttúran eða tilvísanir í hana voru langvinsælasta stefið.

„Ég er líka leiðsögumaður og var oft spurð hvar náttúrugripasafn okkar Íslendinga væri og þurfti að svara sem var að það væri ekki til. Jú, við eigum til muni á það en þeir velkjast einhvern veginn á milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðisafns Íslands. Það fannst mér bjóða upp á ákveðið samfélagslegt samtal: af hverju eiga Íslendingar ekki almennilegt náttúrugripasafn?“

Í kjölfarið lagðist Sara í rannsóknir og fór á flakk ásamt Davíð Erni Halldórssyni myndlistarmanni, þar sem þau skoðuðu lista- og náttúrugripasöfn í London, Berlín og París.

„Við vildum sjá hvernig þetta er útfært; hvernig er andrúmsloftið og svo framvegis. Veiðisafnið í París var mikill innblástur því þar taka þeir öll þessi element sem eru í boði og leika sér með framsetninguna en allt í viktoríönskum stíl.“

Í framhaldinu fór Sara að stúdera náttúruvísindin og ákvað að vinna út frá ríkjaflokkum náttúrunnar.

„Menn greinir að vísu á hversu mörg ríki náttúran skiptist í. Ég tók fimm fyrir og allur innblástur sýningarinnar kemur úr dýraríkinu, svepparíkinu, steinaríkinu, ríki einfrumunga og svo fjölfrumunga.“

Sara segir leit og forvitni hafa ráðið útfærslunni á hverju verki fyrir sig; hún hafi leitast við að brjóta ýmis fyrirbæri niður og raðað þeim upp á nýtt. Nafn sýningarinnar Memento Mori merkir „minnstu þess að þú ert dauðlegur“.

„Þetta miðar að því að minna fólk á að njóta tilverunnar meðan tími er til. Horfa, skoða, taka í sundur, setja saman á annan hátt og vera forvitinn.

Sara hefur hingað til einkum látið að sér kveða í veggjalist eða graffi, stundum nefnd götulist. Spurð hvort sýningin í Listasafni Íslands boði á einhvern hátt fráhvarf eða kúvendingu frá götulistinni svarar hún afdráttarlaust neitandi.

„Ég held áfram að vinna að götulistinni og er að gera röð veggmynda út frá þessu þema víðsvegar um bæinn; til dæmis verkið Fönix við Nýlendugötu, sem er unnið út frá dýraríkinu, og Svepp við Hverfisgötu sem sækir í svepparíkið.“

Sara segist hafa lengi haft fyrirvara á „listastofnunum“ og hafa dregist að götulist því hún hafi verið laus við skrifræði, formlegheit og háalvarlegt yfirbragð. Hún segir þetta þó ekki þvælast lengur fyrir sér en segir ákveðinn mun á því að sýna á formlegu listasafni og á strætum úti.

„Í fyrsta lagi myndi ég ekki gera götulist á listasafni; það væri tilgangslaust að mála á veggina því þetta er allt annað umhverfi. Í öðru lagi þá er sambandið við umhverfið allt öðruvísi. Þegar maður vinnur að veggjalist hikar fólk ekki við að koma upp að manni þegar maður er vinna og spyrja út í hitt og þetta. Þá verður til raunverulegt og milliliðalaust samtal. Á safni verður fólk hins vegar passívara og finnst það kannski ekki hafa forsendur til að spyrja út í verkin, ekki vita nóg. Mér finnst þessi mörk ekki skipta máli og vona að fólk verði forvitið og ræðið um verkin mín á Listasafninu og þau sem ég mála á veggi.“

Memento Mori stendur til 25. ágúst.

bergsteinn@frettabladid.is



**SARA RIEL** Hefur einkum látið að sér kveða í götulist en kemur sér nú fyrir Í Listasafni Íslands.




## How do you like Iceland?

TÓNLIST ★★★☆☆

### Perlur íslenskra sönglaga

Flytjendur: Ragnheiður Lilja Óladóttir, Kristján Jóhannesson og Matthildur Anna Gísladóttir

**KALDALÓNI, HÖRPU 1. JÚLÍ**

Íslensk sönglög eru óteljandi. Þau eru auðvitað misjöfn að gæðum. Lögin eftir Sigvalda Kaldalóns, Sigfús Halldórsson og nafna hans Einarsson, ásamt mörgum fleirum, eru ódauðleg. Þó má ekki flytja þau of oft, því þá verður fólk leitt á þeim. Ég held t.d. að íslenskir söngvarar hafi eyðilagt Draumalandið. Það hefur verið svo vinsælt á tónleikum í gegnum tíðina að maður getur ekki meir.

Röðin Perlur íslenskra sönglaga samanstendur af tónleikum í Kaldalóni í Hörpu sem eru haldnir mörgum sinnum á viku yfir sumartímann. Listafólkið er mismunandi eftir kvöldum. Þarna eru bestu íslensku sönglögin flutt. Tónleikarnir eru greinilega ætlaðir útlendingum, því öll kynningin er á ensku. Enskri þýðingu söngtextanna er líka varpað á tjald fyrir ofan sviðið.

Hugmyndin er ágæt. Við hér á Íslandi þekkjum þessi lög út og inn, en ég er ekki viss um að þau séu svo oft flutt fyrir utan landsteinana. Það er sjálfsagt mál að kynna þau fyrir erlendum gestum. Meira að segja Draumalandið!

Og Draumalandið var einmitt fyrsta lagið á tónleikum í röðinni á mánudagskvöldið. Öll lögin sem á eftir fylgdu voru líka kunnugleg: Á Sprengisandi, Í dag skein sól, Sjá dagar koma, Lindin, Maístjarnan, Dagný, Vökuró, o.s.frv. Mörg þeirra voru alls ekki leiðinleg. Munaði þar miklu um annan söngvarann, sópraninn Ragnheiði Lilju Óladóttur. Sem stendur er hún við nám við Konunglega tónlistarháskólann í Skotlandi. Rödd hennar hljómaði enn dálítið ómótuð, en það sem á vantaði raddlega bætti hún upp með einlægri, þægilegri túlkun. Tónlistin rann í gegnum hana alveg óheft, söngurinn kom beint frá hjartanu. Það var ljúft að upplifa.

Hinn söngvarinn; Kristján Jóhannesson barítón, sem einnig er enn í námi, hafði ekki þennan músíklega neista. Það vantaði flæðið í túlkunina, tónlistin virkaði ekki nógu eðlileg. Kannski var hann of meðvitaður um sjálfan sig, sem er skiljanlegt hjá ungum söngvara. Maður heyrði þó að hann er með efnilega rödd sem á örugglega eftir að blómstra þegar fram líða stundir.

Píanóleikarinn heitir Matthildur Anna Gísladóttir. Hún spilaði margt prýðilega, fylgdi söngnum af nákvæmni. Hún var þó kannski heldur sterk þegar Kristján var annars vegar. Hröð nótnahlaup voru líka stundum loðin. Bassanótur hefðu almennt mátt vera skýrari á kostnað þeirra efri. En hún lék vissulega af réttu tilfinningunni.

Áheyrendur voru ekkert sérstaklega margir, varla meira en 30 manns. Flestir hafa væntanlega verið erlendir ferðamenn. Ég gat ekki betur séð en að þeir væru býsna ánægðir á svipinn að tónleikunum loknum.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Dálítið misjafn söngur, en túlkunin var oft fersk og spennandi.



FÖSTUDAGURINN 5. JÚLÍ

# 12 kr.

afsláttur af
lítranum í dag




## 12 kr. afsláttur í dag

**á bensínstöðvum Orkunnar og Shell þegar greitt er með kortum/lyklum Orkunnar eða staðgreiðslukorti Skeljungs.**

**Áskorendaleikur Orkunnar í júlí og ágúst:**

# Víti til sparnaðar

**Glæsilegir vinningar í vítaspyrnukeppni en ... David James til varnar**

20 viðskiptavinir sem skrá sig í Áskorendaleik Orkunnar vinna sæti í vítaspyrnukeppni gegn David James þar sem keppt er um 100.000 kr. inneignarkort.

Skráning og nánari upplýsingar á
**www.orkan.is/askorun**







www.orkan.is/askorun

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SIA / NM57602

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

**Myndlist**

**17.00** Sýningin Verkfærið opnar í Verksmiðjunni á Hjalteyri. Þar verður sýnd innsetning eftir Elísabetu Brynhildardóttur, Guðrúnu Benónýsdóttur og Selmu Hreggviðsdóttur.

**17.00** Sumarsýning hjá Tveimur hröfnum listhúsi, Baldursgötu 12 (gegnt Þremur frökkum veitingastað). Sýningin er samsýning þeirra listamanna sem eru í samstarfi við listhúsið ásamt völdum verkum eftir fleiri listamenn. Sýnd verða verk eftir eftirtalda listamenn; Davíð Örn Halldórsson, Hallgrím Helgason, Huldu Hákon, Húbert Nóa Jóhannesson, Jón Óskar, Steinunni Þórarinsdóttur, Erró, Óla G. Jóhannsson og Kristján Davíðsson.

**Tónlist**

**22.00** Ljótu hálfvitarnir leika á Græna hattinum á Akureyri. Forsala miða hjá Eymundsson í Hafnarstræti.

**22.00** Bítladrengirnir Blíðu fá til sín gesti á kvöldskemmtun á Café Rosenberg. Gestasöngvarar eru; Gísli Helgason, Kormákur Bragason, Eggert feldskeri, Sara Blandon og Atli Geir Grétarsson. Gestaspilarar verða Þórður Árnason og Hjörtur Howser. Aðgangseyrir kr. 2.000.

**23.00** Ingvar Grétarsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is .*



**→ Þessir koma fram í kvöld**

Bloodgroup
Grísalappalísa
Jan Mayen
Sigtryggur Berg Sigmarsson
Skátar og vinir Bjössa úr Kimono og Bloodgroup

**HEIÐRA MINNINGU VINAR** Meðlimir Skáta heiðra minningu látins vinar með tónleikum á Faktorý í kvöld. Björn Kolbeinsson lést í köfunarslysi í desember í fyrra. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Halda minningu á lofti með tónleikum

Hljómsveitin Skátar heiðrar minningu Björns Kolbeinssonar með tónleikum á Faktorý í kvöld. Engin erfisdrykkja, heldur falleg stund, segir Benedikt Reynisson.

„Þetta eru allt vinir Björns og hljómsveitir sem Skátar spiluðu mikið með hér áður fyrr. Okkur langaði að heiðra minningu látins félaga með því að halda gott partí. Þetta verður engin erfisdrykkja heldur falleg og skemmtileg stund," segir Benedikt Reynisson, gítarleikari hljómsveitarinnar Skáta. Sveitin stendur fyrir tónleikum á Faktorý í kvöld til heiðurs Birni Kolbeinssyni, sem betur er þekktur sem Bjössi Skáti. Hann lést í köfunarslysi í Silfru á Þingvöllum þann 28. desember síðastliðinn.

Aðspurður segir Benedikt að lagalisti kvöldsins samanstandi fyrst og fremst af lögum Skáta. „Við tökum Skáta-lög og svo smá spuna til heiðurs Bjössa," segir hann.

Auk Skáta munu fjórar aðrar sveitir stíga á svið í kvöld og halda uppi minningu Björns.

Aðgangseyrir er þúsund krónur og mun ágóðinn renna til Kvennaathvarfsins. „Okkur þótti meira við hæfi að styrkja gott málefni en að styrkja okkur sjálfa. En fyrst og fremst er þetta í anda Bjössa, hann var meðvitaður um samfélagið í kringum sig."

Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22.30 í kvöld.

sara@frettabladid.is



**BENEDIKT REYNISSON**





112 Reykjavík



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Falleg íbúð með glæsilegu útsýni
- Þriggja herbergja
- Lítið fjölbýli 2 íbúðir á hæð
- Bílskýli

Verð: **28,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -






olís
Vinur við veginn

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið

Einfalt, öruggt og þægilegt!




PIPAR\TBWA • SÍA • 131955




**REYNSLUBOLTAR MEÐ MEIRU** Þau Hulda Bjarnadóttir, Heimir Karlsson og Gunnlaugur Helgason stjórna nú útvarpsþættinum „Í bítið" á Bylgjunni. Þátturinn hefur verið lengdur um klukkutíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Breytingar á Bylgjunni

Útvarpsþátturinn Í bítið á Bylgjunni verður nú klukkutíma lengur í loftinu en áður.

„Með nýju fólki koma auðvitað örlítið nýjar áherslur," segir útvarpskonan Hulda Bjarnadóttir, sem frá og með deginum í dag mun stjórna hinum vinsæla útvarpsþætti „Í bítið" á Bylgjunni ásamt þeim Gulla Helga og Heimi Karlssyni. Þátturinn hefur verið á dagskrá Bylgjunnar um langt skeið en síðastliðin sex ár hafa þau Heimir og Kolla [Kolbrún Björnsdóttir] stýrt þættinum. Kolla sagði skilið við þáttinn í byrjun júní og í hennar stað koma inn reynsluboltarnir tveir. „Ætli þetta séu ekki um 80 ár í útvarpsreynslu," segir Hulda og hlær, en Gulli hóf störf í útvarpi árið 1984 og Heimir tveimur árum síðar. Þau segja að einhverjar breytingar verði á þættinum en að þó muni þau halda í fasta liði. „If it's not broken, don't fix it," bætir Gulli við. Þátturinn verður áfram á dagskrá alla virka daga og hefst á slaginu 6.50 en lýkur nú klukkutíma síðar en venjan er, eða klukkan tíu. - ka



Fékk draumastarfið í miðri klippingu
Reykjavík, 2013, Ævar segir frá hamingjusömum viðskiptavini
Ég var að klippa mann þegar síminn hans hringdi. Í ljós kom að hann hafði fengið draumastarfið, átti nú fyrir höndum að ferðast út um allan heim! Hann sturlaðist auðvitað af gleði. Hann þurfti að rjúka strax burt til að ganga frá einhverjum málum, þannig að hann hljóp út hálfklipptur. En kom svo til baka seinna um daginn og þá gat ég klárað verkið.
Sjáðu Ævar segja frá
Segðu sögu með Galaxy S4 eða iPhone 5
Veldu Snjallpakka sem passar þér!
Snjallpakkinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.
Sumarglaðningur
3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum Snjallpökkum til 31. ágúst.
Samsung Galaxy S4
7.290kr.
Á mánuði í 18 mánuði*
119.900 kr. stgr.
SAMSUNG
Bættu við Snjallpakka
500
4.990 kr./mán.
500 mín. | 500 SMS | 500 MB
iPhone 5
7.290kr.
Á mánuði í 18 mánuði*
119.900 kr. stgr.
Bættu við Snjallpakka
300
3.490 kr./mán.
300 mín. | 300 SMS | 300 MB
Nánar á siminn.is
*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mánaðargjald.
Vertu í sterkara sambandi á stærsta farsímaneti landsins
Síminn

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS IS THE END LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.10 - 8 - 10.50 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.35 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 | 7 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

Miðasala á: midi.is og e Miði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 6 - 9 | 14 |
| THE PURGE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 9 | 7 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 5.40 - 8 - 10 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.30 | 16 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | 5 - 8 - 10.20 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | 5 - 10 | 12 |
| THE PURGE | 8 | 16 |
| THE ICEMAN | 8 - 10.20 | 16 |
| EPIC 2D | 5 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR PIRATES OF THE CARIBBEAN MYNDIRNAR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 6 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| THE LONE RANGER VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 9 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 11 | 16 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL.TAL 2D | KL. 6 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THIS THE END | KL. 8 | 16 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:20 | 12 |
| EPIC ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:30 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 | L |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |


# Stígkrampi

**BAKÞANKAR**
Stígs Helgasonar



Þegar ég var smástrákur hlupu stundum í mig óknyttir, eins og gekk, og ég hringdi símaöt. Sjaldnast voru þau frumleg – það var til dæmis vinsælt að hafa samband við verslanir og spyrja starfsmenn einkennilegra spurninga um vöruúrval og láta þá hlaupa til og frá í allskyns erindisleysu. Ha ha. Yfirleitt voru fleiri áheyrendur að símtalinu – viðhlæjendur væru þeir kallaðir ef þeir hefðu ekki alltaf beitt sig hörðu til að halda rokunum niðri.

**KLASSÍSKAST** var nafnagrínið. Manni var tamt að taka upp símann, hringja í fimm stafa númer af handahófi og spyrja hvort Bolli væri heima. „Enginn Bolli? En undirskál?“ Svo skellti maður á og sturlaðist úr hlátri. Það var auðvelt að vera lítill. Þetta gerði ég án þess að átta mig á kaldhæðninni sem fólst í því að maður sem héti Stígur vogaði sér að skopast að nöfnum annarra.

**FÁ** samþykkt íslensk mannanöfn bjóða nefnilega upp á eins mikið grín og mitt eigið. Einmitt þess vegna þróaði ég snemma með mér býsna þykkan skráp sem engir útúrsnúningar bitu á, og ég geri ráð fyrir að það sama eigi við um þá 35 sem deila með mér eiginnafni.

**„STÍGUR** lýgur meira en hann mígur,“ var frasi sem náði snemma fótfestu í mínu nánasta umhverfi þótt hann hafi verið – og sé enn ––fullkomlega órökréttur, enda lygar og þvaglát algjörlega ósambærilegar gjörðir og útilokað að leggja á þær sama mælikvarða. En hann var auðvitað ekki illa meintur, ekki frekar en það þegar maður var kallaður Göngustígur í fyrsta sinn eða það sjöþúsundasta, og ekkert af þessu tók maður nærri sér. Sumpart ber fólk nöfn einmitt svo að hægt sé að snúa upp á þau.

**OG** spaugið er vissulega mishugvitssamlegt. „Ef Stígur væri plataður til að taka að sér kött, væri það þá Stígvélaði kötturinn?” spurði hnyttinn kollegi minn eitt sinn, við nokkra kátínu mína og annarra viðstaddra.

**SVO** getur það líka verið torrætt og valdið heilabrotum. Þannig barst mér til dæmis tölvupóstur í gær frá virtum og málsmetandi þjóðfélagsþegn á áttræðisaldri sem hófst á orðunum: „Það var ánægjulegt, Stífur.“ Ég vona að það hafi verið innsláttarvilla.

# Svartar fyrirsætur sýna fyrir Dior

Raf Simons notaði í fyrsta sinn svartar fyrirsætur þegar hann sýndi fyrir Dior.

Fatahönnuðurinn Raf Simons sýndi nýja línu tískuhússins Dior á mánudag. Athygli vakti að fyrirsæturnar Alek Wek, Grace Mahary, Joan Smalls, Maria Borges, Kelly Moreira og Yasmin Warsame voru á meðal þeirra sem sýndu hönnun Simons, en þetta er í fyrsta sinn sem svartar fyrirsætur sýna fyrir Dior frá því að hann tók við stjórn. Þetta er sjöunda línan sem Simons hannar fyrir Dior.



**ALEK WEK** Fyrirsætan var á meðal þeirra sem sýndu nýjustu línu Dior.

**FLOTT** Raf Simons hefur hannað sjö línur fyrir Dior.

**HÖNNUÐURINN** Raf Simons ásamt skartgripahönnuðinum Gaia Repossi. NORDICPHOTOS/GETTY

**GLÆSILEGT FRÁ DIOR** Línan frá Dior þótti hin glæsilegasta.

**RÖNDÓTT** Sýningarstúlkur Raf Simons hafa yfirleitt verið hvítar.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS



RISA - SUMAR
ÚTSALA
Allt að 80% afsláttur
KLASSÍK á útsölu
Verð frá 699
VÍNYLPLÖTUR Á ÚTSÖLU
BLU-RAY markaður
YFIR 500 DVD Á 999
35% afsláttur Tilboðsverð 1.699 Verð áður 2.599,-
35% afsláttur Tilboðsverð 2.099 Verð áður 2.999,-
Tilboðsverð 1.699 Verð áður 2.599,-
Tilboðsverð 1.699 Verð áður 2.599,-
35% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 2.999,-
50% afsláttur Tilboðsverð 1.499 Verð áður 2.999,-
35% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 3.299,-
35% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 2.999,-
30% afsláttur Tilboðsverð 2.799 Verð áður 3.999,-
33% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 2.999,-
39% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 3.299,-
2x CD
43% afsláttur Tilboðsverð 1.999 Verð áður 3.499,-
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS




RISA SUMARÚTSALA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
!!!
Fylgja með!
MAX PAYNE OG XCOM
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
PS3 - 12 GB 34.999,-
PS3 LEIKIR
PS3 6.999,- Áður 10.999,-
BIOSHOCK INFINITE
PS3 5.999,- Áður 9.999,-
RESIDENT EVIL - REVELATIONS
PS3 2.499,- Áður 3.999,-
SLEEPING DOGS ESSENTIALS
PS3 2.999,- Áður 4.999,-
LEGO INDIANA JONES
XBOX LEIKIR
XBOX 5.499,- Áður 11.999,-
GEARS OF WAR JUDGEMENT
XBOX 3.999,- Áður 9.999,-
TOMB RAIDER
XBOX 5.499,- Áður 10.999,-
BIOSHOCK INFINITE
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA BORGAÐU MINNA
KRINGLAN · 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

# SPORT

## Björgólfur fór á djammið



Björgólfur Takefusa mun líklega yfirgefa herbúðir Valsmanna í félagsskiptaglugganum sem opnar 15. júlí næstkomandi. Leikmaðurinn var settur í agabann á dögunum og því út úr leikmannahópi Vals.

„Björgólfur vill fara frá félaginu,“ segir Magnús Gylfason, þjálfari Vals, í samtali við Fréttablaðið.

„Hann fékk fullt af mínútum hjá okkur, ég held í raun að hann hafi tekið þátt í öllum leikjum alveg fram að agabanninu.“

Hver er ástæðan fyrir því að Björgólfur Takefusa var settur í agabann?

„Hjá okkur eru til margar skilgreiningar á agabanni en í þessu tilfelli fer leikmaðurinn á djammið stuttu fyrir leik og við getum ekki liðið slíka hegðun,“ segir Magnús.

„Við erum núna að skoða fleiri möguleika til að styrkja hópinn og það verður bara að koma í ljós.“ - sáp

## Ondo til reynslu hjá Valsmönnum

**FÓTBOLTI** Gilles Mband Ondo er til skoðunar hjá Val um þessar mundir en leikmaðurinn kom til landsins í gær.

Ondo kemur frá Gabon en hann er kunnugur hér á landi. Hann lék með Grindavík á árunum 2008-2010 þar sem hann skoraði 28 mörk fyrir félagið. Ondo varð markakóngur Pepsi-deildarinnar árið 2010 en það tímabil skoraði hann 14 mörk.

„Við ætlum að skoða Ondo næstu daga,“ segir Magnús Gylfason, þjálfari Vals, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Hann mun æfa með okkur í kvöld en í raun hef ég ekki hugmynd um það í hvernig standi leikmaðurinn er, ætla bara að byrja á því að skoða hans frammistöðu á æfingum.“

Valsmenn skoða núna ákveðna möguleika með framherjastöðuna en Björgólfur Takefusa hefur ekki náð sér á strik í sumar, þrátt fyrir að hafa fengið töluvert margar mínútur inni á vellinum.

„Við erum að skoða málin og eins og alltaf lítur maður í kringum sig. Við erum að öllum líkindum að missa Bjögga [Björgólf Takefusa] úr hópnum og því þurfum við liðsstyrk.“ -sáp



**MARKAKÓNGUR** Gilles Mbang Ondo skoraði 14 mörk fyrir Grindavík 2010 og fékk gullskóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## EVRÓPUDEILD UEFA

**BREIÐABLIK - SANTA COLOMA 4-0**
1-0 Þórður Steinar Hreiðarsson (19.), 2-0 Ellert Hreinsson (23.), 3-0 Ellert Hreinsson (25.), 4-0 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (61.)

**KR - GLENTORAN 0-0**

**ÍBV - HB 1-1**
1-0 Gunnar Már Guðmundsson (16.), 1-1 Johan Troest Davidsen (65.).

## 1. DEILD KARLA

**VÍKINGUR R. - TINDASTÓLL 1-1**
1-0 Aron Elís Þrándarson (34.), 1-1 Elvar Páll Sigurðsson (61.).

**KA - VÖLSUNGUR 2-0**
1-0 Gunnar Valur Gunnarsson (49.), 2-0 Carsten Faarbech Pedersen (75.).

**FJÖLNIR - GRINDAVÍK 0-0**

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 9 | 6 | 1 | 2 | 23-11 | 19 |
| Víkingur R. | 9 | 4 | 4 | 1 | 17-11 | 16 |
| Haukar | 8 | 4 | 3 | 1 | 13-9 | 15 |
| BÍ/Bolungarvík | 8 | 5 | 0 | 3 | 14-16 | 15 |
| Selfoss | 9 | 4 | 2 | 3 | 17-14 | 14 |
| Leiknir R. | 9 | 3 | 4 | 2 | 14-12 | 13 |
| Fjölnir | 9 | 3 | 3 | 3 | 10-13 | 12 |
| KA | 8 | 2 | 2 | 4 | 11-14 | 11 |
| KF | 8 | 2 | 4 | 2 | 12-10 | 10 |
| Tindastóll | 9 | 1 | 5 | 3 | 9-13 | 8 |
| Þróttur R. | 8 | 1 | 2 | 5 | 8-13 | 5 |
| Völsungur | 9 | 0 | 2 | 7 | 6-18 | 2 |



**PÁLL GÍSLI JÓNSSON** Hefur varið fimm af tólf vítum sem hann hefur reynt við. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI

## Vítavörslurnar skila ekki sigri

**FÓTBOLTI** Páll Gísli Jónsson, markvörður Skagamanna, er mikill vítabani og tókst á miðvikudagskvöldið að verja víti annan leikinn í röð í Pepsi-deildinni. Páll Gísli hefur nú varið fimm af tíu síðustu vítaspyrnum sem hann hefur reynt við í efstu deild, þar af þrjár af þeim fjórum síðustu.

Það vekur hins vegar athygli að Skagamenn hafa aldrei náð að vinna leik þar sem Páll Gísli hefur varið víti í efstu deild. Hann bjargaði jafntefli með fyrstu tveimur vítavörslum sínum sumarið 2007, en síðustu þrjú vítin sem hann hefur varið hafa komið í tapleikjum.

Páll Gísli varði víti Þórsarans Chukwudi Chijindu í síðasta leik og varði víti Guðmundar Magnússonar hjá Víkingi Ólafsvík í leiknum á undan. Guðmundur skoraði úr frákastinu og tryggði Víkingi 1-0 sigur. Þriðja vítið varði Páll Gísli síðan frá Eyjamanninum Christian Steen Olsen í fyrra en það dugði skammt í 0-4 sigri ÍBV. - óój

# Hún er óslípaður demantur

Hin 17 ára gamla Aníta Hinriksdóttir hefur sett tólf Íslandsmet á síðustu átján mánuðum og bætt metið í 800 metra hlaupi utanhúss um fjórar sekúndur. Fréttablaðið fékk Jónas Egilsson, Þóreyju Eddu Elísdóttir og Fríðu Rún Þórðardóttur til að segja okkur hversu öfluga íþróttakonu Ísland hefur eignast.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** ÍR-ingurinn Aníta Hinriksdóttir stal enn á nýju sviðsljósinu um síðustu helgi þegar hún setti nýtt og stórglæsilegt Íslandsmet í 800 metra hlaupi. Þessi 17 ára stelpa forðast sviðsljósið og verður seint sökuð um það að trana sér fram í fjölmiðlum en afrekin á hlaupabrautinni öskra á samanburð við besta frjálsíþróttafólk Íslandssögunnar.

Fréttablaðið fékk Jónas Egilsson, framkvæmdastjóra FRÍ, Þóreyju Eddu Elísdóttir, verkefnisstjóra FRÍ og Fríðu Rún Þórðardóttur úr stjórn FRÍ til þess að segja sína skoðun á afrekum Anítu.

### Eitt mesta efni sem við höfum séð

„Hún er einstök og jaðrar við það besta sem við höfðum séð í hennar grein í heiminum,“ segir Jónas. „Þetta er óslípaður demantur. Þetta er eitt mesta efni sem við höfum séð í íslenskum íþróttum í háa herrans tíð. Við höfum átt gott fólk eins og Jón Arnar Magnússon, Guðrúnu Arnardóttur, Völu Flosadóttur, Einar Vilhjálmsson, Hrein Halldórsson og fleiri. Ég held að hún sé ekki síðra og jafnvel meira efni en þetta fólk án þess að geta borið það nákvæmlega saman,“ segir Jónas.

„Hún heldur áfram að sprengja alla skala. Hún kemur sífellt á óvart. Ég hélt að 2.01.17 væri tími sem væri erfitt fyrir hana að slá og bætingarnar yrðu eitthvað hægari. Fólk má alveg fara að búast við því að hún eigi eftir að bæta sig hægar því það styttist í toppinn. Hún er komin það langt. Ég sagði þetta samt líka þegar hún hljóp á 2.01.17 og svo hljóp hún 2.00.49 sem er bara ótrúlegt. Ég gapti bara þegar ég sá þetta,“ segir Þórey Edda Elísdóttir um árangur Anítu.

„Við erum ákaflega stolt af þessari stúlku og hún vekur athygli. Þetta er góð auglýsing fyrir Ísland því það er tekið eftir henni. Ef hún heldur vel á spöðunum þessi stúlka þá á hún eftir að bæta sig í áratug í viðbót og vera í fremstu röð í heiminum. Hún á möguleika á því,“ segir Jónas.

### Gleðigjafinn helgi eftir helgi

„Hún er gleðigjafinn hjá okkur helgi eftir helgi. Það er rosalega gaman að fylgjast með henni og umgjörðin í kringum hana er svo sterk og þau vita alveg hvert þau eru að stefna. Það er ekkert verið að flana að neinu,“ segir Fríða Rún Þórðardóttir og bætir við: „Ég hefði varla trúað þessu því þetta er svo stórkostlegt hjá henni. Hún er alltaf svo mjúk og flott og gerir þetta eins og að drekka vatn. Ég held að það sé alveg ljóst að við höfum ekki átt efnilegri hlaupakonu,“ segir Fríða Rún.

„Hún vekur athygli allstaðar enda ásamt því að vera ung er hún líka með sérstakan hlaupastíl. Það má samt ekki gleyma því að hún er einungis 17 ára og því mikilvægt að lágmarka utanaðkomandi pressu og leyfa henni að njóta stundarinnar. Þetta er rétt að byrja hjá henni því þetta er bara annað árið hennar í landsliðinu. Í rauninni er hún bara byrjandi,“ segir Þórey Edda en bætir við:

„Ég hef fylgst með efnilegu fólki en það eru fáir sem hafa komið jafn mikið á óvart eins og hún. Þó að ég viti að hún sé efnileg þá stígur hún einhvern veginn alltaf skrefinu lengra en maður býst við og hreinlega sprengir alla skala. Ég hef aldrei séð annað eins og þó að ég sé ekki gömul í þessu þá eru örugglega margir aðrir sem gapa líka yfir þessu,“ segir Þórey Edda.

ooj@frettabladid.is




**ÁTUNNDA BESTA FRÁ UPPHAFI** Árangur Anítu Hinrikdóttur er nú 8. besti árangur í flokki 17 ára og yngri frá upphafi í heiminum og á heimslista yfir alla aldursflokka fyrir árið 2013 er hún nú í 31. sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tólf Íslandsmet Anítu á aðeins átján mánuðum

**21. JANÚAR 2012 Í REYKJAVÍK**
800 m hlaup inni á 2:05,96 mínútum

**24. JÚNÍ 2012 Í MANNHEIM, ÞÝSKALANDI**
800 m hlaup á 2:04,79 mínútum

**10. JÚLÍ 2012 Í BARCELONA, SPÁNI**
800 m hlaup á 2:04,74 mínútum

**11. JÚLÍ 2012 Í BARCELONA, SPÁNI**
800 m hlaup á 2:03,15 mínútum

**19. ÁGÚST 2012 Í VÄXJÖ, SVÍÞJÓÐ**
2000 m hindrunarhlaup á 6:34,80 mín.

**15. DESEMBER 2012 Í REYKJAVÍK**
1000 m hlaup inni á 2:43,22 mínútum

**19. DESEMBER 2012 Í REYKJAVÍK**
600 m hlaup inni á 1:27,73 mínútum

**19. JANÚAR 2013 Í REYKJAVÍK**
800 m hlaup inni á 2:04,79 mínútum

**27. JANÚAR 2013 Í REYKJAVÍK**
1500 m hlaup inni á 4:19,57 mínútum

**2. FEBRÚAR 2013 Í REYKJAVÍK**
800 mhlaup inni á 2:03,27 mínútum

**22. JÚNÍ 2013 Í SLÓVAKÍU**
800 m hlaup á 2:01,17 mínútum

**30. JÚNÍ 2013 Í MANNHEIM, ÞÝSKALANDI**
800 m hlaup á 2:00,49 mínútum

## Breiðablik eina íslenska félagið sem vann sinn leik í Evrópudeildinni í gærkvöldi



**LÉTT HJÁ BLIKUM** Þórður Steinar Hreiðarsson fagnar hér fyrsta marki Breiðabliks á Kópavogsvellinum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STÓRSKOTHRÍÐ EN EKKERT MARK** Óskari Erni Haukssyni og félögum í KR-liðinu tókst ekki að skora þrátt fyrir mikla yfirburði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Íslensku liðunum þremur sem voru í eldlínunni í forkeppni Evrópudeildinni í gærkvöldi tókst ekki að gera 4. júlí 2013 að einstöku Evrópukvöldi. Það voru aðeins Blikar sem náðu að vinna sinn leik en KR og ÍBV urðu bæði að sætta sig við jafntefli.

KR gerði markalaust jafntefli við norður-írska liðið Glentoran en færeyska liðið HB náði að jafna metin í seinni hálfleik í 1-1 jafntefli á móti ÍBV í Eyjum. Breiðablik átti ekki í miklum vandræðum með Santa Coloma frá Andorra en Blikar voru komnir í 3-0 eftir aðeins 25 mínútur. Seinni leikirnir eru í næstu viku. - óój

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Evrópudeildina


FÖSTUDAGSKVÖLD
BESTA SVARIÐ
Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi stýrir glænýjum spurninga- og skemmtiþætti í sumar.
2 BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
FYRSTA FLOKKS DAGSKRÁ
Í ALLT SUMAR
NJÓTTU LÍFSINS MEÐ STÖÐ 2
OZ
Sjónvarp framtíðarinnar
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 14. JÚLÍ
CROSSING LINES
Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þraut-þjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál. Þessum öfluga hópi er því ekkert óviðkomandi og enginn er óhultur.
SUNNUDAGSKVÖLD
PÖNK Í REYKJAVÍK
Þegar Jón Gnarr var pönkari sem hékk á Hlemmi átti hann ekki von á því að verða borgarstjóri einn daginn. Þættirnir eru fjórir talsins og voru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 15. JÚLÍ
THE NEWSROOM
Önnur þáttaröðin af þessum vinsælu þáttum sem hlotið hafa mikið lof gagnrýnenda og áhorfenda beggja vegna Atlantshafs. The Newsroom eru frá HBO og Aaron Sorkin sem á heiðurinn af sjónvarpsþáttaröðinni The West Wing.
FÍTON / SÍA
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 9. JÚLÍ
HOW I MET YOUR MOTHER
Einn af vinsælustu gamanþáttum Stöðvar 2. Ted heldur áfram sögunni endalausu.
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
BIG BANG THEORY
Ný þáttaröð um hina bráðskemmtilegu Leonard og Sheldon, afburðasnjalla eðlisfræðinga sem vita þó fátt um mannleg samskipti.
FÖSTUDAGSKVÖLD
ARRESTED DEVELOPMENT
Talsverð bið hefur verið eftir þessari fjórðu þáttaröð um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth fjölskyldu.
HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

## Ísland hrapar um tólf sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu þarf að sætta sig við að falla niður um tólf sæti á nýjum styrkleikalista FIFA sem gefinn var út í gær.

Ísland er nú komið í 73. sæti á listanum en á Evrópulistanum er Ísland í 35. sæti.

Spánverjar eru sem fyrr á toppi listans og þar á eftir koma Þjóðverjar, Kólumbíumenn, Argentínumenn og Hollendingar.

England féll niður um sex sæti og er í 15. sæti listans en Brassarnir eru komnir inn á topp tíu listann á nýjan leik.

Ísland tapaði fyrir Slóveníu, 4-2, þann 7. júní á Laugardalsvellinum. - hbg

# Ofsaleg framkoma er alltaf rautt spjald

Formaður dómaranefndar KSÍ segir að dómarar þurfi að meta það hverju sinni hvað sé ofsaleg framkoma.

**FÓTBOLTI** Nokkur umræða hefur verið um hrindingar í íslenska boltanum. Jóhannes Karl Guðjónsson, leikmaður ÍA, fékk að líta rauða spjaldið á miðvikudag fyrir að hrinda Þórsaranum Ármanni Pétri Ævarssyni. Jóhannes ýtti nokkuð ákveðið við honum en Ármann hefði líklega getað staðið í lappirnar hefði hann kosið að gera svo.

Við höfum einnig séð atvik eins og í leik Keflavíkur og Fram þar sem maður fór niður við litla snertingu. Í bæði skiptin fékk árásaraðilinn að líta rauða spjaldið.

Fréttablaðið spurði Gylfa Þór Orrason, formann dómaranefndar KSÍ, almennt út í skilgreininguna á slíkri háttsemi.

„Ef boltinn er ekki í leik þá gerast menn sekir um ofsalega framkomu ef þeir haga sér þannig. Tólfta grein knattspyrnulaganna kveður á um að vísa beri leikmanni af velli sem sýnir af sér ofsalega framkomu á meðan boltinn er ekki í leik,“ segir Gylfi Þór.

„Síðan verður dómari að meta hvort sá sem verður fyrir slíku sýni af sér óíþróttamannslega framkomu með því að kasta sér niður eða álíka. Það er þó aldrei hægt að gefa meira en gult spjald fyrir það.“

Gylfi Þór segir að hrinding gefi ekki alltaf rautt spjald. Dómarar þurfi að fara eftir þeirri skilgreiningu sem gefin er upp. Hún er ofsaleg framkoma.

En er það litið hornauga ef dómarar taka ekki fast á svona atriðum og sleppa mönnum sem ýta frá sér?

„Já, í raun og veru. Dómarar eiga að fara eftir lögunum og þurfa að hafa stjórn á leiknum. Leikmenn vita að þeir setja sig í hættu með því að haga sér á þennan hátt.“ - hbg



**ERFITT STARF** Dómararnir hafa staðið í ströngu í Pepsi-deildinni í ár líkt og síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hefur aldrei klæðst landsliðsbúningi



**FÓTBOLTI** Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir verður fimmti leikmaður Stjörnunnar í EM-hóp Sigurðar Ragnar Eyjólfssonar en Stjörnuliðið er með átta stiga forskot á toppi Pepsi-deildarinnar.

Soffía er 25 ára gamall vinstri fótar leikmaður sem getur spilað nokkrar stöður á vellinum. Hún er eini leikmaður íslenska hópsins sem hefur aldrei spilað landsleik, hvort sem er hjá A-liðum eða yngri landsliðum. Soffía er þó ekki eini nýliðinn í hópnum því liðsfélagi hennar úr Stjörnunni, Anna Björk Kristjánsdóttir hefur heldur ekki náð að spila A-landsleiki. Anna Björk á hins vegar leiki með yngri landsliðum. - óój




225 Álftanes



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

**Austurtún – Raðhús**

- Glæsilegt tvílyft hús
- Fallega innréttað
- Bílskúr
- Góð staðsetning

Verð: **43,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# Ekki einu sinni enn

Óheppnin virðist elta Katrínu Ásbjörnsdóttur en hún missir af lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu sem fer fram í Svíþjóð í júlí. Katrín fékk beinmar.

**FÓTBOLTI** Katrín Ásbjörnsdóttir, leikmaður Þór/KA, fékk þær slæmu fréttir á þriðjudaginn að hún myndi missa af lokakeppni Evrópumóts landsliða sem fram fer í Svíþjóð síðar í júlí. Í hennar stað kemur Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir úr Stjörnunni.

Breytingin er gerð með þeim fyrirvara að UEFA samþykki beiðni KSÍ um að taka inn nýjan leikmann fyrir lokakeppnina. Breytingar á þeim 23ja manna lista sem var sendur UEFA 1. júlí síðastliðinn eru háðar samþykki læknanefndar UEFA.

„Þetta eru gríðarleg vonbrigði fyrir mig og ég í raun trúi þessu ekki enn þá,“ sagði Katrín Ásbjörnsdóttir í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég lenti í samstuði við Þórdísi Hrönn [Sigfúsdóttur, leikmann Breiðabliks] á þriðjudaginn fyrir viku og ég hvíldi því tvo næstu leiki til þess að vera klár fyrir EM. Ég var að reyna komast fyrir boltann þegar ég fæ spark í kálfann og þar sem ég var það stöðug þá vilja læknarnir meina að brjósk og bein hafi farið illa saman.“



**ÓHEPPIN** Katrín Ásbjörnsdóttir lendir í því í þriðja sinn á ferlinum að missa af landsliðsverkefni vegna meiðsla sem koma fram korteri fyrir mót. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Kölluð til í myndatöku**

Læknar íslenska landsliðsins í knattspyrnu vildu fá leikmanninn til Reykjavíkur í myndatöku þar sem útlitið var orðið nokkuð dökkt fyrir Katrínu.

„Ég fór í myndatöku á þriðjudaginn og þá kom í ljós það sem maður óttaðist mest. Þar kom fram að ég er með beinmar í ökkla. Þetta eru þannig meiðsli að ég má akkúrat ekkert gera. Ef ég æfi í þessu ástandi mun þetta versna og gæti haft áhrif á feril minn sem knattspyrnukona. Ég verð því frá í fjórar vikur og má í raun lítið gera á þeim tíma, annað en að vera í sundi.“

Katrín fékk síðan símtalið sem hún hafði óttast.

„Siggi Raggi [Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari] hringdi í mig seinnipartinn á þriðjudag og sagði mér að ég myndi missa af lokakeppninni út af beinmari og vökva í liðböndum.“

Katrín hefur áður lent í því að missa af landsliðsverkefnum vegna meiðsla.

„Á Algarve-mótinu í fyrra tognaði ég á liðbandi í hné á síðustu æfingu landsliðsins fyrir fyrsta leik og var þá send heim. Ég hef einnig lent í því að missa af Evrópumótinu í U-19 ára landsliðinu þegar ég tognaði aftan í læri rétt fyrir mót. Ég er orðin alveg rosalega þreytt á þessu.“

**Í sínu besta formi**

Katrín hefur leikið sérstaklega vel fyrir Þór/KA á tímabilinu og var við það að finna sitt allra besta form.

„Þetta er það erfiðasta sem ég hef lent í á mínum ferli og maður hreinlega trúir þessu ekki. Ég var búin að vinna mér inn sæti í landsliðinu og það hefur kostað mig blóð, svita og tár. Í vetur æfði ég mikið til að komast í þetta form. Ég átti sannarlega skilið að vera valin í landsliðið. Ég hef engin orð til að lýsa vonbrigðunum“.

stefanp@frettabladid.is


SUMAR-ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

UREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR
GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100


BÓNUS
BÓNUS
Fáðu þér nýbakað
BÓNUS
Fáðu þér nýbakað
Nýbakað alla daga í Bónus
3498
KR. KG
NAUTAVEISLU ÞÝSKT NAUTA-RIBEY
1898
KR. 450 gr
FROSIÐ ÞÝSKT- NAUTA T-BONE
1398
KR. 350 gr
FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA
198
KR. 165gr
DORIRTOS SNAKK 165 GRÖMM
Ferskar
BÓNUS SAMLOKUR
MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198
KR. stk
159
KR. 4 stk.
XL- HAMBORGARABRAUÐ
300 KRÓNA
VERÐLÆKKUN
1698
KR. 10x120gr
KJARNAFÆÐI 120gr FROSNIR
NAUTAHAMBORGARAR
VERÐ ÁÐUR 1998 KR.PK
198
KR. KG
RAUÐAR VATNSMELÓNUR FRÁ SPÁNI
79
KR. 33cl
198
KR. 1.5 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**Rúv kl 19.45**
### Áhöfnin á Húna

Húni II siglir í kringum landið í júlí og Áhöfnin rokkar í hverri höfn! Áhöfnin er hljómsveit skipuð tónlistarmönnunum Jónasi Sig, Láru Rúnars, Mugison, Ómari Guðjónssyni, Guðna Finnssyni og Arnari Gíslasyni. RÚV fylgir Áhöfninni á Húna eftir með sjónvarps- og útvarpsþáttum í allt sumar.





### Arrested Development

**STÖÐ 2 KL. 19.35** Fjórða þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu sem hefur farið sigurför um heiminn.

TV.COM 9,0 IMDb 9,2



### Animal Practice

**RÚV KL. 20.35** Bandarísk gamanþáttaröð um dýralækninn George Coleman sem þykir afar vænt um dýrin en fyrirlítur gæludýraeigendur.

TV.COM 7,7 IMDb 5,4




### The Biggest Loser

**SKJÁR 1 KL 20.30** Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form.

TV.COM 7,7 IMDb 5,2

**X-ið kl. 22.00**
### Glymskrattinn

Rockabilly-goðsögnin Smutty Smiff sér um Glymskrattann, öll föstudagskvöld milli kl. 22.00-00.00. Rockabilly, ska, punk og reggí. Skelltu vaxi í hárið og hlustaðu!




# FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



## SÍÐASTI SLAGUR KATRÍNAR

**Katrín Jónsdóttir** hefur verið fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu síðan 2007. Hún leiðir liðið á EM sem byrjar í næstu viku, en er ákveðin í að leggja skóna á hilluna í haust. Hún segist loksins vera að komast að því að lífið sé meira en fótbolti.

### Fer gegn fóstra sínum



**María Rut Kristinsdóttir** lenti í sinni erfiðustu lífsreynslu tólf ára gömul. Hún gerði upp við fortíðina fimm árum síðar með dyggri hjálp Illuga Gunnarssonar og konu hans. Nú er María orðin formaður Stúdentaráðs og á í harðri hagsmunabaráttu við trúnaðarvin sinn menntamálaráðherra.

### Kann hin ýmsu sirkustrikk

**Snæfríður Sól Gunnarsdóttir** er götuleikari. Hún kann að ganga á stultum, blása eld og halda mörgum boltum á lofti í einu.



FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(17:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(25:175)*
**10.15 Fairly Legal** *(3:10)*
**11.00 Drop Dead Diva** *(12:13)*
**11.50 The Mentalist** *(7:22)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Scott Pilgrim vs. The World**
**14.50 Extreme Makeover. Home Edition** *(9:25)*
**15.35 Ævintýri Tinna**
**16.00 Leðurblökumaðurinn**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan** *(21:22)* Í þessum frábæra þætti vinna Homer, Moe, Lenny og Carl háa upphæð í Springfield-lottóinu. Pegar Carl stingur af til heimalands síns, Íslands, með allan peninginn ákveða Hómer og félagar að elta hann.
**19.35 Arrested Development** *(4:15)* Fjórða þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Michael tók við fjölskyldufyrirtækinu eftir að faðir hans var settur í fangelsi.
**20.10 Besta svarið** *(4:8)* Frábær spurninga- og skemmtiþáttur sem hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stýrir af einstakri snilld. Í hverjum þætti mætir einn þjóðþekktur gestur til leiks og keppendur eru þrír, vinir eða ættingjar gestsins.
**20.55 Two Weeks Notice** Rómantísk gamanmynd. Lögfræðingurinn Lucy Kelso er í starfi sem margir öfunda hana af. Hún vinnur fyrir auðjöfurinn George Wade en það er ekki eintóm sæla eins og magasárið hennar ber vitni um.
**22.35 The Killer Inside Me**
**00.25 Be Cool**
**02.20 Reservation Road**
**04.00 Scott Pilgrim vs. The World**
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(7:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(24:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)*
**20.15 The O.C.** *(5:27)*
**21.00 Holidate** *(3:10)*
**21.40 Holidate** *(4:10)*
**22.25 Crusoe** *(12:13)*
**23.10 Breakout Kings** *(3:13)*
**23.50 Breakout Kings** *(4:13)*
**00.35 The O.C.** *(5:27)*
**01.20 Holidate** *(3:10)*
**02.00 Holidate** *(4:10)*
**02.40 Brickleberry** *(5:10)*
**03.05 Brickleberry** *(6:10)*
**03.25 Crusoe** *(12:13)*
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring. **21.30** Eldað með Holta

## SPORT *besta sætið*

**08.00 Þýskaland 2013 - Æfing # 1** Bein útsending
**12.00 Þýskaland 2013 - Æfing # 2** Bein útsending
**16.25 Sumarmótin 2013**
**17.10 Pepsi mörkin 2013**
**20.10 NBA** Þáttur frá NBA um Bill Russel.
**21.00 Miami - San Antonio**
**22.50 Leeds - Tottenham**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45 Arsenal - Man. City**
**19.30 PL Classic Matches. Manchester City - Tottenham, 1994**
**20.00 Manstu**
**20.45 Newcastle - Man. City**
**22.30 Manstu**
**23.15 Real Madrid - Man. City - 18.09.12**
**23.45 Man. City - Newcastle**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.55** Hvolpurinn Scooby-Doo **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Doddi litli og Eyrnastór **10.50** Histeria! **11.10** Latibær (**2:18**) **11.35** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.25** Strumparnir **13.50** Waybuloo **14.15** Hvolpurinn Scooby-Doo **14.40** Áfram Diego, áfram! **15.05** Doddi litli og Eyrnastór **15.15** Histeria! **15.35** Latibær (**2:18**) **16.00** Lalli **16.05** Lalli **16.10** Refurinn Pablo **16.15** Litlu Tommi og Jenni **16.40** Svampur Sveinsson **17.00** Dóra könnuður **17.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.50** Strumparnir **18.10** Waybuloo **18.30** Hvolpurinn Scooby-Doo **18.55** Áfram Diego, áfram! **19.15** Histeria! **19.35** Latibær (**2:18**)

## GULL

**20.00 Það var lagið**
**21.05 A Touch of Frost**
**22.50 Monk** *(3:12)*
**23.35 It's Always Sunny In Philadelphia** *(2:7)*
**00.00 Það var lagið**
**01.05 A Touch of Frost**
**02.50 Monk** *(3:12)*
**03.35 It's Always Sunny In Philadelphia**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.20 Date Night**
**13.45 Love Happens**
**15.30 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**17.10 Date Night**
**18.35 Love Happens**
**20.20 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**22.00 Hemingway & Gellhorn**
**00.30 Cleaner**
**02.00 Other Side of the Tracks**
**03.35 Hemingway & Gellhorn**

## RÚV

**15.40 Ástareldur**
**16.30 Ástareldur**
**17.20 Babar** *(26:26)*
**17.42 Unnar og vinur** *(12:26)*
**18.05 Hrúturinn Hreinn** *(15:20)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hið sæta sumarlíf** *(2:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Gunnar á völlum** Í þáttunum Gunnar á völlum fara þeir Gunnar Sigurðarson og Fannar Sveinsson um víðan völl og skoða það markveraðasta sem er að gerast í íslenskri knattspyrnu.
**19.45 Áhöfnin á Húna** *(3:9)* Bein útsending frá Reyðarfirði. Húni II siglir í kringum landið í júlí og Áhöfnin rokkar í hverri höfn.
**20.35 Dýralæknirinn** *(4:9) (Animal Practice)* Bandarísk gamanþáttaröð um dýralækninn George Coleman sem þykir afar vænt um dýrin en fyrirlítur gæludýraeigendur.
**21.00 Kastanía: Hetja Miðgarðs** *(Chestnut: Hero of Central Park)* Tvær munaðarlausar telpur finna hund og hafa hann með sér á fósturheimili en þurfa að fela hann.
**22.30 Dáðadrengur** *(The Greatest)* Unglingsstúlka í ógöngum leitar á náðir fjölskyldu sem er að jafna sig eftir sonarmissi. Leikstjóri er Shana Feste og meðal leikenda eru Carey Mulligan, Aaron Taylor-Johnson, Pierce Brosnan og Susan Sarandon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.10 Þrefaldur njósnari** *(Triple Agent)*
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.00** 360° **18.30** Skólahreysti **19.30** Strákarnir okkar **20.30** RIG dans

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.15 The Voice** *(2:13)*
**15.25 The Good Wife** *(22:23)*
**16.10 How to be a Gentleman** *(8:9)*
**16.35 The Office** *(13:24)*
**17.00 Royal Pains** *(9:16)*
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Minute To Win It**
**19.15 The Ricky Gervais Show** *(11:13)* Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant, sem eru þekktastir fyrir gamanþættina The Office og Extras.
**19.40 Family Guy** *(11:22)*
**20.05 America's Funniest Home Videos**
**20.30 The Biggest Loser** *(2:19)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.
**22.00 Rocky II**
**00.00 Excused**
**00.25 Nurse Jackie** *(2:10)*
**00.55 Flashpoint** *(3:18)*
**01.45 Lost Girl** *(14:22)*
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.35** The Greenbrier Classic **2013** *(1:4)* **09.35** US Open **2013** *(1:4)* **15.35** The Greenbrier Classic **2013** *(1:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(26:47)* **19.00** The Greenbrier Classic **2013** *(2:4)* **22.00** US Open **2013** *(2:4)* **02.00** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Harðfiskurinn

frá Stykkishólmi, þessi sjúklega góði



## GLÆNÝR VILLTUR LAX

- Fæst í Laxasneiðum
- Fæst einnig sem Laxaflök, beinlaus

## STÓR HUMAR 7.900 kr.kg

## LÖNGUSTEIKUR

- Indverskt Karrí & Sítrónu lime

Tilbúnar beint á grillið

## OPIÐ

LAUGARDAG

10.00 – 15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

## HELGIN



**„Ég er ekki með stór plön þessa helgina. Er að fara í vinnuferð með vinkonu minni og svo var eitthvað verið að tala um að fara á hestbak.“**

Ísgerður Gunnarsdóttir leikkona.

# Gáfu Flateyringum frolfvöll

Sigurður Magnússon og félagar smíðuðu frolfvöll úr rusli og gáfu Flateyringum.

„Íbúar Flateyrar eru svo ofsalega vinalegir og tóku okkur opnum örmum og okkur langaði að gefa eitthvað til baka,“ segir Sigurður Magnússon, betur þekktur sem Siggi Bahama. Hann og tveir vinir hans smíðuðu frolfvöll og gáfu Flateyringum að gjöf.

Siggi dvaldi fyrir vestan við tökur á kvikmyndinni París norðursins og smíðaði frolfvöllinn ásamt tveimur öðrum úr tökuliðinu. „Við vorum þrír í þessu: ég, Óli tröllabarn og Geiri glæsimenni. Við smíðuðum þetta úr rusli sem við fundum á haugunum á Ísafirði þannig að þetta kostaði ekki mikið, framleiðendur myndarinnar lögðu svo út fyrir því sem upp á vantaði.“

Frolfvöllurinn stendur við snjóflóðavarnagarð bæjarins og var opnaður við hátíðlega athöfn daginn áður en tökuliðið hélt til síns heima. „Það var bæjarhátíð daginn áður en við förum og þá var klippt á borðann og svæðið opnað. Mér skilst að einn íbúanna ætli svo að taka sig til og leigja út diska til ferðamanna.“

Siggi hóf sjálfur að spila íþróttina stuttu eftir að hann flutti í íbúð við Klambratún, en þar er vinsæll frolfvöllur. Hann segir íþróttina stórskemmtilega og mjög ávanabindandi. „Þetta er rosalega skemmtileg íþrótt og reglurnar eru alveg eins og í golfi, nema í frolfi er maður með frisbí í stað kylfu. Sá sem klárar hringinn á sem fæstum köstum sigrar,“ segir hann að lokum.

**- sm**



**VIÐ VINNU** Óli tröllabarn, Geiri glæsimenni og Siggi Bahama við störf sín. MYND/SPESSI








**LANDKRABBAFJÖLSKYLDAN** Fjölskyldan fagnar því að hafa fast land undir fótum á Borgarfirði eystri í gær.

# Lára Rúnars flúði í land vegna sjóveiki

Áhöfnin á Húna lagði upp í hringferðina um landið í fyrradag. Siglingin frá Akureyri til Húsavíkur gekk svo nærri einu konunni í bandinu að hún neitaði að fara aftur um borð og fór landleiðina til Borgarfjarðar eystri.

Það gengur ekki alveg eftir áætlun. Við þurftum að grípa til annarra ráðstafana út af sjóveiki,“ segir Lára, spurð hvernig lífið um borð í Húna gangi. „Ég ber það fyrir mig að fjögurra ára dóttir mín, sem er með í för, hafi orðið sjóveik á leiðinni frá Akureyri til Húsavíkur, en sannleikurinn er sá að ég var alveg eins sjóveik og hún.“

Lára, maður hennar Arnar Þór, sem er trommari í bandinu, og dóttir þeirra fóru því landleiðina til Borgarfjarðar eystri eftir tónleikana á Húsavík, enda sautján tíma sigling ekki freistandi fyrir sjóveika. „Við sögðum bara pass, takk fyrir kærlega,“ segir Lára.

Lára er af sjómannaætt frá Ísafirði, bæði afi hennar og langafi voru skipstjórar, og segist hún skammast sín pínulítið fyrir sjóveikina. „Ég hef sjómennskuna í blóðinu og vonandi tekur ekki nema tvo, þrjá daga að venjast þessu lífi. Ég mun verða með í siglingunni frá Höfn til Vestmannaeyja, enda verður dóttirin þá komin til afa síns og ömmu, og vonandi gengur það betur. Ég verð bara að harka af mér.“

Þótt hljómsveitin kalli sig Áhöfnina á Húna er það ekki alveg réttnefni. Á bátnum er átta manna áhöfn auk Fjólu sem sér um matseldina ofan í hópinn um borð. „Svo eru þrír kvikmyndatökumenn með í för, þannig að þetta er heljarinnar hópur,“ segir Lára.

Fyrstu tónleikarnir voru á Húsavík í fyrrakvöld og gengu alveg frábærlega vel að sögn Láru. „Ég held að flestir Húsvíkingar hafi mætt og þetta tókst eins vel og hægt var að hugsa sér.“

Í kvöld verður bein útsending frá tónleikunum á Reyðarfirði og síðan heldur Áhöfnin áfram hringinn um landið og endar á Akureyri þann 20. júlí. **fridrikab@frettabladid.is**

# Einmanalegt að sýna einleik

Leiklistarhátíðin Act alone verður haldin í tíunda sinn á Suðureyri í ágúst

Elsta leiklistarhátíð landsins, Act alone, verður haldin tíunda árið í röð 8. til 11. ágúst í sjávarþorpinu Suðureyri. Margt verður gert í tilefni af afmæli hátíðarinnar og verður dagskráin sérstaklega fjölbreytt og skemmtileg þetta árið.

Efnt var til handritasamkeppni þetta árið undir yfirskriftinni íslenski sjómaðurinn þar sem óskað var eftir einleik sem fjallar um íslenska sjómanninn. Alls bárust sextán handrit í keppnina en tilkynnt verður um sigurvegarann 1. ágúst. Það er eftir nokkru að slægjast því sá höfundur sem þykir eiga besta einleikinn að mati dómnefndar Act alone mun hljóta 250.000 krónur í verðlaun.

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Við vildum búa til sköpunarvettvang fyrir einleik. Nokkurs konar hvatningarverðlaun og stuðla að nýsköpun. Það eru ekki margir á Íslandi að skrifa einleiki.“

Sjálf vakti Ilmur mikla athygli fyrir hlutverk sitt sem Ausa í einleiknum um Ausu Steinberg. „Það er mjög sérstakt að leika einleik og ég dáist að fólki sem stendur í þessu. Það er nefnilega mikil ábyrgð að vera einn og getur líka verið einmanalegt. Þess vegna er mikilvægt að fá marga áhorfendur.“



**SKIPULEGGUR** Ilmur Kristjánsdóttir leikkona er einn af skipuleggjendum leiklistarhátíðarinnar Act alone. MYND/VALLI

Að sögn Ilmar verður ýmislegt fyrir alla á hátíðinni og má þá nefna barnaleikrit, tónleika og íslenska og erlenda einleiki. „Þetta er fjölskylduvæn skemmtun þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, “ segir Ilmur að lokum.

**- hó**




**Förum varlega í umferðinni, njótum helgarinnar og endum rúntinn heima!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lay Low á Rauðasandi

Rauðasandur tónlistarhátíð verður haldin í þriðja sinn á Rauðasandi á Vestfjörðum um helgina. Gestir undanfarinna hátíða hafa verið mjög ánægðir, enda er lögð áhersla á að skemmta sér fallega og að stemningin sé fjölskylduvæn. Meðal gesta í ár eru Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, sem er betur þekkt sem **Lay Low**, en hún mun geyma gítarinn heima þetta árið og njóta þess að hlusta á aðra. Einnig mun ljósmyndarinn Hörður Sveins verða á svæðinu sem og Hanna Eiríksdóttir, verkefnastýra UN Women, og Dröfn Ösp Snorradóttir, sem er einnig þekkt undir nafninu DD unit.



- hó

### Mæðgur gera mynd

**Ugla Hauksdóttir,** mastersnemi í kvikmyndagerð við Columbia-háskóla í New York, er komin til Íslands. Hún kemur til með að vinna hér á landi þar til í haust. Nú um helgina hefjast tökur á annarri stuttmynd hennar Salti, en áður hefur hún framleitt og leikstýrt stuttmyndinni Veru sem meðal annars greiddi henni leiðina í einn virtasta kvikmyndaskóla heims. Athygli vekur að ein leikkvennanna í Salti er móðir Uglu, Pálína Jónsdóttir, sem getið hefur sér gott orð fyrir leik sinn. Þannig er kvikmyndaáhugi Uglu henni greinilega í blóð borinn.



- ósk

## Mest lesið vísir

1 Breytingar á stjórnarskránni samþykktar
2 Vinnur við að keppa í vinsælum tölvuleik
3 Fékk hugmyndina í fæðingarorlofinu
4 Kostir fleiri en gallar fyrir níu af tíu
5 Komin út úr skugganum
6 Salan hrunin í Selá í Álftafirði





